# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

33. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 8. FEBRÚAR 2017





Ekki sér enn til lands í deilu sjómanna og útgerðarfyrirtækja og er áhrifa verkfalls farið að gæta á æ fleiri fyrirtæki sem þjóna sjávarútveginum. Síðasti sáttafundur var á föstudag. „Ég fylgist grannt með á hliðarlínunni og mun boða til fundar ef nýtt tilefni er til að ætla að hægt sé að halda samningaviðræðum áfram,“ segir Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tekur jafnvel 20 ár að flytja Fiskistofu norður

**Ferðakostnaður Fiskistofu jókst um tíu milljónir króna á einu ári eftir flutning til Akureyrar. Nýr sjávarútvegsráðherra segir ákvörðunina vanhugsaða en að hún standi. Forstjórinn telur að flutningurinn geti staðið í allt að tuttugu ár.**

**STJÓRNSÝSLA** Eyþór Björnsson, forstjóri Fiskistofu, segir flutning stofnunarinnar frá Hafnarfirði til Akureyrar munu taka jafnvel 20 ár að fullu ár.

Flutningur höfuðstöðva Fiskistofu norður hófst í ársbyrjun 2016 eftir ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar, þáverandi sjávarútvegsráðherra. Þar eru nú þrettán starfsmenn en 27 fyrir sunnan. Störfin flytjast norður eftir því sem fólk lætur sjálft af störfum syðra.

„Og mér sýnist á öllu að við verðum alltaf með 20 manna starfsstöð þótt flutningurinn verði afstaðinn eftir 10, 15 eða 20 ár,“ segir Eyþór.

Að sögn Eyþórs hafa útgjöld Fiskistofu til ferðalaga aukist um 10,5 milljónir frá 2015 til 2016. Það skýrist meðal annars af því að ekki sé til búnaður til að halda fjarfundi.

> Það er kannski svolítið einkennilegt að ráðuneytið yfir málaflokknum skuli ekki vera í stakk búið til þess að eiga fjarfundi við stofnanir.



Eyþór Björnsson, forstjóri Fiskistofu

„Það er kannski svolítið einkennilegt að ráðuneytið yfir málaflokknum skuli ekki vera í stakk búið til þess að eiga fjarfundi við stofnanir,“ segir Eyþór.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegsráðherra segir það hafa verið vanhugsaða ákvörðun að flytja Fiskistofu til Akureyrar. Þorgerður gerir þó ekki ráð fyrir að þeirri ákvörðun verði snúið við úr því sem komið er. Málið með fjarfundabúnaðinn sé eitt merki þess að ákvörðun um flutninginn hafi verið tekin án þess að málið væri hugsað til enda. – jhh / sjá síðu 4



Vistmenn á Kópavogshæli á áttunda áratug síðustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Níðingsskapur á Kópavogshæli

**SAMFÉLAG** Börn vistuð á Kópavogshæli og Efra-Seli sættu líkamlegu og andlegu ofbeldi.

Vistheimilanefnd skilaði skýrslu um málið í gær. Þar eru sláandi lýsingar. Meðal annars segir af dreng sem var neyddur til að borða síld þótt hann kastaði henni ítrekað upp. Átta ára drengur var bundinn við ofn. „Á hælinu var oft einn starfsmaður með 20-25 vistmenn í sinni umsjá. Það gefur augaleið að við slíkar aðstæður næst aðeins að sinna grunnþörfum með herkjum,“ segir fyrrverandi starfsmaður. – jóe / sjá síðu 6

## Bílastæðadeila fyrir héraðsdóm

**VIÐSKIPTI** Norðurturninn hf. við Smáralind hefur stefnt verslunarmiðstöðinni og Kópavogsbæ í tilraun til að koma í veg fyrir að íbúðabyggð rísi þar sem nú eru bílastæði.

Eigandi Smáralindar vill að byggt verði á lóðinni.

„Viljum að þinglýst skjöl séu virt,“ segir Ríkharð Ottó Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Norðurturnsins. – hg / sjá Markaðinn


## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Hrafn Magnússon skrifar um áfengissölu. 11

**SPORT** Körfuboltaveislan hefst. 12

**LÍFIÐ** Hera Hilmarsdóttir landaði stóru hlutverki í nýjustu kvikmynd Peters Jackson. 22



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● MARKAÐURINN



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



MEISTARA MÁNUÐUR ÍSLANDSBANKA

KÝLDU NIÐUR YFIRDRÁTTINN

VERTU MEISTARI OG GREIDDU HANN NIÐUR

Íslandsbanki

## Veður




Suðaustan rok eða ofsaveður um landið vestanvert í dag, 23-30 m/s, hvassast við Breiðafjörð og á Norðurlandi vestra kringum hádegi. Lægir talsvert síðdegis. Suðaustan 18-25 um landið austanvert, en lægir þar í kvöld. **SJÁ SÍÐU 16**



**Í Amsterdam má leigja í gegnum Airbnb í 60 daga á ári.** NORDICPHOTOS/GETTY

## 36 milljóna sekt vegna Airbnb

**HOLLAND** Ólögleg leiga á ellefu íbúðum í Amsterdam í gegnum Airbnb kostaði bæði eigandann og leigusalann 297 þúsundir evra samtals í sekt eða um 36 milljónir íslenskra króna. Eftir að nágrannar kvörtuðu undan hávaða komust borgaryfirvöld að því að íbúðirnar voru leigðar út ólöglega.

Í nýliðnum desember tóku gildi reglur um að ekki megi leigja út húsnæði sitt í gegnum Airbnb lengur en 60 daga á ári. Leigusali verður að vera eigandi húsnæðisins og ekki má leigja fleiri en fjórum í einu.

Sekt vegna ólöglegrar leigu á einni íbúð er 13.500 evrur eða um 1,6 milljónir íslenskra króna. **– ibs**

## Fell í Hæstarétt

**DÓMSMÁL** Deilan um kaup ríkisins á Felli í Suðursveit er komin fyrir Hæstarétt eftir að Héraðsdómur Suðurlands vísaði málinu frá.

Ríkið virkjaði forkaupsrétt sinn í jörðinni Felli við Jökulsárlón í byrjun janúar. Fögrusalir höfðu keypt jörðina á uppboði í byrjun nóvember á rúman einn og hálfan milljarð króna. Telja forsvarsmenn Fögrusala að ákvörðun ríkisins hafi komið of seint og því væri gerningur sýslumannsins á Suðurlandi um að veita ríkinu heimild til að kaupa jörðina ólöglegur.

Hæstiréttur mun í mars ákvarða hvort taka eigi málið til efnislegrar meðferðar í héraði. **– sa**

# Lognið á undan storminum



**Þessi kona á Selfossi fékk sér hressandi göngu með hundinn í gær. Hætt er við að hundi verði ekki út sigandi fyrr en undir kvöld í dag því Veðurstofan spáir suðaustan roki eða ofsaveðri og talsverðri rigningu. Gert er ráð fyrir að illviðrið gangi norður yfir landið síðdegis.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ákærður fyrir hótanir gegn lögreglustjóra

**DÓMSMÁL** Maður hefur verið ákærður fyrir að hóta Páleyju Borgþórsdóttur, lögreglustjóra í Vestmannaeyjum, barsmíðum og öðrum lögreglumanni á vakt þann 7. september 2015 lífláti.

Einnig hafði hann umrætt kvöld brotið gegn valdstjórninni með því að taka lögreglumanninn hálstaki og ná honum niður í jörðina þannig að áverkar hlutust af.

Þegar á lögreglustöðina kom á ákærði að hafa sagst vita hvar lögreglumennirnir ættu heima og að hann ætti vini sem þeir ættu að vita hvers væru megnugir.

Verði maðurinn fundinn sekur getur hann átt yfir höfði sér fangelsisdóm. Refsiramminn veitir heimild til að fangelsa menn í sex ár fyrir slík brot. **– sa**

# Ferðakostnaður gæti haft áhrif á kosningar

**Kosið verður um formann KSÍ á laugardag. Þá verður kosið í aðalstjórn, kosnir aðalfulltrúar landsfjórðunga, varamenn í aðalstjórn og kosið í nefndir. 153 fulltrúar hafa rétt til þingsetu en ekki koma allir. Kostnaður of mikill fyrir lítil félög.**

**KNATTSPYRNA** Félög á landsbyggðinni eru uggandi yfir kostnaðinum sem fylgir því að fara til Vestmannaeyja og kjósa um nýjan formann KSÍ. Sérstaklega ef þarf að kaupa tvö flugsæti, til Reykjavíkur annars vegar og Vestmannaeyja hins vegar.

Flugfélagið Ernir verður með fimm aukaflug í tengslum við ársþingið og kostar hvert flugsæti 25 þúsund krónur. Þá hefur KSÍ tekið frá herbergi í Vestmannaeyjum fyrir þingfulltrúa en sambandið greiðir ekki fargjaldið eða gistinguna fyrir fulltrúana. Það býður þó til kvöldverðar eftir þingið.

Minni félög í landinu hreinlega geta ekki séð af fé í þennan kostnað samkvæmt samtölum við nokkra formenn. Flestir hafa þeir greitt fyrir ferðina á ársþingið undanfarin ár úr eigin vasa.

Ársþing KSÍ fer fram á laugardag. Ekki verður aðeins kosið um nýjan formann sambandsins heldur verður einnig kosið í aðalstjórn, kosnir aðalfulltrúar landsfjórðunga, varamenn í aðalstjórn og kosið í nefndir. Alls eiga 153 fulltrúar rétt til setu á ársþingi en ljóst er að ekki koma allir á þingið, en 146 voru skráðir á þingið í fyrra og mættu um 120. Í gær voru 83 búnir að skrá sig. Spennan er mest um formannsembættið. Tveir eru þar í kjöri, Björn Einarsson og Guðni Bergsson. Til þess að ná kjöri sem formaður þarf meirihluta greiddra atkvæða.

Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný. Í seinni umferðinni ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Verði frambjóðendurnir aftur jafnir skal kjósa á ný með sama hætti. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að 30 ár séu frá síðasta ársþingi sem fram fór í Vestmannaeyjum.

„Ég skil alveg að þetta er kostnaður sem er hærri en venjulega en það á ekki að stoppa fólk. Að vera með svona kosningaþing, það hefði vissulega verið auðveldara að hafa það á heimavelli. Þá hefðum við haft okkar tæki og tól en við sendum stóran pakka með Herjólfi á fimmtudag ásamt tveimur starfsmönnum til að undirbúa þingið,“ segir Klara.

Félögin í efstu deild hafa fjögur atkvæði en minnstu félögin í landinu hafa eitt atkvæði. Önnur hafa tvö til þrjú atkvæði. „Við eigum von á spennandi þingi. Yfirleitt hefur það verið búið um klukkan 16 en það gæti teygst til 18 vegna allra kosninganna,“ segir Klara. **benediktboas@365.is**



**Guðni Bergsson og Björn Einarsson eru í kjöri til formanns KSÍ.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Hvernig fer?

Samkvæmt visir.is virðist Björn njóta meiri stuðnings meðal félaga í Íslenskum toppfótbolta (ÍTF). Guðni á atkvæði vís frá Val en ekkert bendir til þess að ÍTF ætli að koma sér saman um að styðja annan frekar en hinn. Vísir heyrði nýlega í formönnum knattspyrnudeilda á landsbyggðinni. Mátti greina áhyggjur yfir því að báðir frambjóðendur tengist félögum í efstu deild og hve miklu meiri peninga stærri félögin fái en þau minni og óttast er að sú misskipting gæti aukist. Bæði formannsefnin eru úr Reykjavík og með litla tengingu út á land.


## Aðalfundur FEB árið 2017

FÉLAG ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI FEB

**Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn fimmtudaginn 16. febrúar 2017 og hefst kl. 15.30 í Ásgarði, Stangarhyl 4, Reykjavík.**

**Dagskrá fundarins:**
1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
3. Ársreikningar félagsins fyrir árið 2016
4. Kosning stjórnar
5. Afgreiðsla tillagna og erinda
6. Ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2017
8. Önnur mál

Fundurinn verður haldinn, sem fyrr segir, fimmtudaginn 16. febrúar og hefst kl. 15.30. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér félagsskírteini fyrir árið 2016.

*Stjórn FEB - Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni*




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Sjaldnast veitt ráðgjöf er lyf eru keypt í apótekum sýnir rannsókn

**VIÐSKIPTI** Tæplega sjötíu prósent viðskiptavina lyfjaverslana hér á landi fengu ekki ráðgjöf eða leiðbeiningar þegar keypt voru ólyfseðilsskyld lyf í fyrra.

Samkvæmt rannsókn sem hópur innan Samtaka verslunar og þjónustu lét gera hafði starfsfólk apóteka frumkvæði að ráðgjöf í 13,4 prósent tilvika.

Í rannsókninni kemur jafnframt fram að ríflega 93 prósent þátttakenda sem ekki fengu ráðgjöf þótti það ekki skipta máli.

Hópurinn, sem vill auka frelsi í viðskiptum með lausasölulyf þannig að almennar verslanir geti selt minni pakkningar af vægum lyfjum sem ekki eru lyfseðilsskyld, lét gera rannsóknina í upphafi síðasta árs. Þátttakendur voru tæplega sex þúsund talsins.

Í Fréttablaðinu á mánudag voru hugmyndir hópsins viðraðar. Þar sagði Lóa María Magnúsdóttir, formaður Lyfjafræðingafélags Íslands, að lyfjafræðingar teldu mikilvægt að auka ekki frelsið frekar vegna þess öryggis sem fælist í því að lyfjafræðingur á vakt í apóteki bæri ábyrgð á sölunni.

**Ráðgjöf um lausasölulyf í apótekum**




Brynjúlfur Guðmundsson, sem fer fyrir hópnum um lausasölulyfin, segir að rannsóknin varpi ljósi á það hversu lítið er um ráðgjöf og leiðbeiningar til handa viðskiptavinum. Viðskiptavinir sem vilji leiðbeiningar um inntöku vægra verkjalyfja, ofnæmislyfja og magalyfja, komi enn til með að geta leitað til apóteka eftir aðstoð.

Brynjúlfur segir að uppi séu hugmyndir um að auka framboð af smærri pakkningum verkjalyfja ef sala á lausasölulyfjum verður gefin frjáls. Sem dæmi séu hugmyndir um að selja paracetamol með tíu skömmtum.

„Það er 1,6 sinnum hámarksskammtur samkvæmt leiðbeiningum frá Lyfjastofnun en það sem þú getur keypt í apótekum núna er fimmfaldur og allt upp í ríflega þrjátíufaldur hámarksskammtur. Þannig að það eru miklu meiri líkur á að misnotkunin verði af völdum pakkninga sem eru seldar í apótekum.“ **– snæ**



**Með eyrnasuð og gnístu tönnum.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Sekt vegna of mikils álags

**SVÍÞJÓÐ** Sveitarfélagið í Karlstad á að greiða jafnvirði 3,8 milljóna íslenskra króna í sekt vegna of mikils vinnuálags í þremur framhaldsskólum.

Fulltrúi kennarasambandsins segir kennarana í skólunum hafa verið með suð fyrir eyrum og verki auk þess sem þeir gnísti tönnum.

Frá þessu er greint í riti sænska kennarasambandsins. **– ibs**

## Bræður ákærðir fyrir laus naut

**DÝRAHALD** Bændur í Dalvíkurbyggð hafa verið ákærðir fyrir brot á lögum um búfjárhald og vörslu búfjár. Í tvö ár héldu þeir geldneyti á jörð í eigin eigu en tryggðu hvorki öryggi þeirra né annarra.

Frá ágúst 2014 til júní í fyrra héldu bændurnir, sem eru bræður, tugum geldneyta í landi við fjölfarinn þjóðveg en girðingum var svo ábótavant að nautgripir gengu á landi nágranna og fóru einnig upp á þjóðveg „þar sem þeir ollu umferðaróhöppum og mikilli hættu fyrir umferðina um veginn“, segir í ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Allur búpeningur mannanna hefur verið í vörslu Matvælastofnunar frá því í lok janúar og er nú undir eftirliti bústjóra. **– sa**

# Milljónaútgjöld því tæki vantar

**Nýr ráðherra sjávarútvegsmála segir ákvörðun um að flytja Fiskistofu til Akureyrar hafa verið vanhugsaða en býst þó ekki við breytingum. Ferðakostnaður Fiskistofu eykst um milljónir vegna skorts á fjarfundabúnaði.**

**STJÓRNSÝSLA** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir það hafa verið vanhugsaða ákvörðun að flytja Fiskistofu frá höfuðborginni til Akureyrar. Þorgerður gerir þó ekki ráð fyrir að þeirri ákvörðun verði snúið við úr því sem komið er.

„Miklu frekar þarf að tryggja að þessi flutningur styðji við Fiskistofu og verði ekki til að draga úr starfseminni,“ segir hún.

Þorgerður leggur gríðarlega áherslu á að Fiskistofa geti sinnt hlutverki sínu. „Við erum með öflugt fiskveiðistjórnunarkerfi sem þarf stofnanir sem virka,“ segir hún.

Eyþór Björnsson, forstjóri Fiskistofu, fluttist til Akureyrar sumarið 2015, eftir að ákvörðun um flutning var tekin. Hann hófst strax handa við að ráða starfsmenn og eru þeir núna orðnir þrettán á skrifstofunni fyrir norðan, auk þriggja eftirlitsmanna. Þá flutti stofnunin inn í nýtt húsnæði á Akureyri í september og er með leigusamning til tíu ára. „Þannig að við erum búin að koma okkur fyrir til næsta áratugar. Varðandi áframhaldið þá ræðst það af starfsmannaveltu fyrir sunnan,“ segir Eyþór.

Starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu eru 27 auk 12 eftirlitsmanna.

„Og mér sýnist á öllu að við verðum alltaf með 20 manna starfsstöð þótt flutningurinn verði afstaðinn eftir 10, 15 eða 20 ár,“ segir Eyþór. Hluti starfanna, til dæmis sá sem tilheyrir upplýsingatæknisviði, geti aldrei flutt norður.

Eyþór telur að það hafi gengið vel að laga stofnunina að breyttum aðstæðum. En það geti komið upp vandamál þegar stofnunin þarf að vera í samskiptum við aðila á höfuðborgarsvæðinu. Til dæmis ráðuneytið, sem hafi ekki búnað til þess halda almennilega fjarfundi.




**Höfuðstöðvar Fiskistofu voru áður í Hafnarfirði. Það var Sigurður Ingi Jóhannsson, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem ákvað að flytja stofnunina.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Miklu frekar þarf að tryggja að þessi flutningur styðji við Fiskistofu og verði ekki til að draga úr starfseminni.
>
> Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



„Það er kannski svolítið einkennilegt að ráðuneytið yfir málaflokknum skuli ekki vera í stakk búið til þess að eiga fjarfundi við stofnanir. Því bæði Fiskistofa og Matvælastofnun heyra undir þetta ráðuneyti. Líka Byggðastofnun sem er á Sauðárkróki,“ segir Eyþór.

Að sögn Eyþórs er mjög sérstakt að ráðuneytið sem er yfir þessum landsbyggðarstofnunum skuli ekki hafa búnað til að eiga góða fjarfundi. Það kosti bæði tíma og peninga að ferðast á milli staða.

Höfuðstöðvar Fiskistofu voru fluttar 1. janúar 2016. Eyþór segir að stofnunin hafi ferðakostnað ekki sundurliðaðan eftir áfangastöðum en sér sýnist sem þessi kostnaðarliður hafi hækkað um 10,5 milljónir frá 2015 til 2016. Samkvæmt ársskýrslu var aksturs-, dvalar- og ferðakostnaður stofnunarinnar 43,6 milljónir árið 2015.

Þorgerður Katrín segir málið með fjarfundabúnaðinn vera eitt merki þess að ákvörðun um flutning Fiskistofu hafi verið tekin án þess að málið væri hugsað til enda.

jonhakon@frettabladid.is



NÝTT OG FULLKOMIÐ BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Sinnum öllum almennum bifreiðaviðgerðum.

Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða.

Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna viðgerðum á húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.

Við tökum vel á móti þér.
Tímapantanir í síma 534 4433.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00




Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo.
Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Börn vanrækt og beitt ofbeldi á Kópavogshæli og á Efra-Seli

**Sláandi frásagnir af ofbeldi er að finna í skýrslu Vistheimilanefndar um málefni Kópavogshælis og Efra-Sels. Stjórnvöldum mistókst hrapallega að setja nægt fjármagn í málefni og uppbyggingu hælisins og sköpuðu með því aðstæður fyrir ofbeldið. Af 178 börnum sem vistuð voru á hælinu eru um hundrað enn á lífi.**

**SAMFÉLAG** Börn vistuð á Efra-Seli og barnadeildum Kópavogshælis á árunum 1952-1993 máttu í einhverjum mæli sæta líkamlegu og andlegu ofbeldi auk harðræðis á meðan á vistun stóð. Vistheimilanefnd skilaði skýrslu um vist barna á hælinu í gær.

Vistheimilanefnd var komið á laggirnar árið 2007 og skilaði hún þremur áfangaskýrslum um mál ýmissa unglinga- og vistheimila sem starfrækt voru síðustu öld. Síðustu skýrslunni var skilað árið 2011. Ný vistheimildanefnd var skipuð árið 2012 til að gera úttekt á málum Kópavogshælis. Hrefna Friðriksdóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, var skipuð formaður nefndarinnar.

„Í erindisbréfi ráðuneytisins var nefndinni falið að skoða aðeins mál barna á heimilinu,“ segir Hrefna. Á Kópavogshæli voru bæði börn og fullorðnir vistuð í sameiningu. Þetta er fyrsta heimilið sem nefndin kannar þar sem sá hátturinn var hafður á.

Í skýrslunni er lagaramminn, sem í gildi var á þeim tíma sem heimilið var starfrækt, rakinn. Þar kemur fram að stjórnvöld hafi sett að mörgu leyti framsækin lög um málefni þess fólks sem vistað var á heimilinu. Hins vegar vanræktu þau hrapallega að leggja það fjármagn í starfsemi og uppbyggingu sem nauðsynlegt var til að fullnægja markmiðum laganna.

Hrefna segir að í lögum hafi verið sett ýmis skilyrði fyrir vistun fávita og vanvita, eins og það var orðað á þeim tíma, á hælinu. Framkvæmdin var allt önnur þegar á hólminn var komið.

„Það er niðurstaða okkar að eftirlitsaðilar hafi brugðist. Bæði ytra eftirlitið, ráðuneytið og ýmsir aðrir og líka þetta innra eftirlit. Það hvíldu skyldur á æðstu stjórnendum til að tryggja að starfsemin væri í ákveðnu horfi og við teljum að þeir hafi brugðist í því,“ segir Hrefna.

Á þeim árum sem skýrslan nær til voru 178 börn vistuð á hælinu í lengri eða skemmri tíma. Skemmstu innlagnirnar námu nokkrum dögum en þær lengstu hátt í fjórum áratugum. Af þeim 178 eru um hundrað enn á lífi.

johannoli@frettabladid.is



Niðurstöðurnar voru kynntar á fundi í Iðnó í gær. Unnið hefur verið að skýrslunni frá árinu 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Starfsfólk reyndi að gera hið besta úr aðstæðunum



Fyrrverandi starfsmaður Kópavogshælis segir að starfsfólk þess hafi allt verið af vilja gert að gera hið besta úr þeirri vinnuaðstöðu sem þeim var boðið upp á. Vistheimilanefnd skilaði skýrslu um málefni hælisins í gær.

„Ég viðurkenni að þegar ég horfi til baka hefði ég ekki viljað taka þátt í þessari menningu en þetta var menning á þeim tíma,“ segir Kristjana Sigurðardóttir þroskaþjálfi. Kristjana hóf störf á hælinu kornung árið 1960 og starfaði þar með hléum í hálfa öld.

„Þarna gerðust ýmsir hlutir sem áttu alls ekki að gerast. Á hælinu var oft einn starfsmaður með 20-25 vistmenn í sinni umsjá. Það gefur augaleið að við slíkar aðstæður næst aðeins að sinna grunnþörfum með herkjum. Þess á milli var fólkið afskiptalaust úti í garði eða lokað frammi á gangi,“ segir Kristjana.

Kristjana segir að almennt hafi starfsmenn reynt að vinna eins vel úr aðstæðum og unnt var en inn á milli hafi reynst rotin epli. Þá hafi ekki aðeins vistmenn sætt fordómum af hálfu samfélagsins heldur hafi það einnig gilt um starfsfólk.

**Á hælinu var oft einn starfsmaður með 20-25 vistmenn í sinni umsjá.**

Kristjana Sigurðardóttir þroskaþjálfi



„Það var erfitt að manna stofnanir og launakjörin voru ekki góð. Það var ekki hægt að velja úr starfsfólki nema síður væri,“ segir Kristjana.

Eftir að hún vann á hælinu fékk hún áhuga á starfinu og fór því í nám í þroskaþjálfun í stað þess að læra kennarann. Litið hafi verið á hana af fjölskyldu og vinum líkt og hún væri glötuð.

„Starfið þótti ekki fínt. Aðbúnaðurinn nú er allt, allt annar með aukinni menntun og ýmsum hjálpartækjum sem ekki var til að dreifa á fyrstu árunum. Við þóttum mjög uppreisnargjarnar þegar við snerum til baka úr námi og kröfðumst betri aðbúnaðar,“ segir Kristjana.

„Þetta er mjög viðkvæm og erfið umræða en hún er þörf svo að við höldum ekki áfram að gera sömu vitleysurnar,“ segir hún að lokum.

## Lýsingar úr skýrslunni

Í skýrslunni er að finna lýsingar aðstandenda og vistmanna á hræðilegu ofbeldi. Hér að neðan er að finna nokkur dæmi úr skýrslunni.

- „[É]g gekk fram á vaktmann þar sem hann stóð yfir litlum og horuðum dreng, sjö eða átta ára gömlum, og hafði bundið hann við ofn í dagstofunni með báðar hendur fyrir aftan bak svo að drengurinn gat ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Þarna stóð maðurinn yfir drengnum með hnefann á lofti, öskraði svo á hann að þegja, en barnið veinaði og grét og kastaði svo allt í einu upp á gólfið af einskærri skelfingu. Ég gekk á milli og stoppaði manninn, en þá gerði hann sér lítið fyrir og reiddi hnefann á móti mér í bræði sinni. Minnstu munaði að ég fengi högg, en hann áttaði sig þó á því hver var komin og lét hendur síga.“
- „[É]g hef aldrei borðað síld ... ég ældi þessu, ég var látinn éta æluna upp þrisvar, fjórum, fimm, sinnum niðri í kjallara, svona var meðferðin á okkur þarna ... þarna verður þú þar til diskurinn er orðinn tómur, var stundum að dunda við að éta upp æluna í þrjá til fjóra tíma.“
- „Meðferðin á krökkunum á Efra-Seli var verri en á Breiðavík ... það mátti ganga um svona hálfvita bara eins og þú vildir, það mátti sparka í þá ef að þess þurfti, það mátti berja þá ef að þess þurfti“.

**Þegar X dó var sagt að þetta hefði verið slys en bróður fannst að fjölskyldan hefði aldrei fengið skýringar á því sem gerðist.**

- „[X] slasaðist nokkuð oft þarna inni, datt í baði, brenndist, skarst, klemmdi sig en það var yfirleitt aldrei nein skýring á því ... stundum fékk engin okkar að vita það heldur ... aldrei neinn sem bar ábyrgð á þessu, að hafa verið á staðnum, svoleiðis að við fengum aldrei neinar upplýsingar um hvað hafði skeð.“
- Bróðir sagði frá því að X (vistun 12 ára á fullorðinsdeild) hefði verið sleginn, þegar X dó var sagt að þetta hefði verið slys en bróður fannst að fjölskyldan hefði aldrei fengið skýringar á því sem gerðist.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is




VERÐ FRÁ:
**3.020.000** kr.
Eyðsla frá 3,3 l/100 | $CO_2$ losun frá 85 g/km

**BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU**

Gæði Peugeot 308 SW heilla þig strax enda var hann valinn bíll ársins í Evrópu. Einstakt innanrými, nægt fótarými og stórt farangurspláss hámarka notagildið. Útlit hans fangar athygli þína og við nánari kynni fellur þú kylliflatur fyrir smáatriðunum. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu Peugeot 308 SW og þú munt sannfærast um gæði hans.

## PEUGEOT 308 STATION

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16







# Gagnrýna tvískinnung í norsku fiskeldi

**FISKELDI** Landssamband veiðifélaga lýsir þungum áhyggjum af fyrirætlunum laxeldisfyrirtækisins Arctic Sea Farm um stóraukið laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði.

Ekki síður gagnrýnir LV þann tvískinnung eiganda fyrirtækisins að stunda „grænt eldi“ í heimalandinu Noregi, en ekki hérlendis.

Arctic Sea Farm, sem áður hét Dýrfiskur, hefur sent Skipulagsstofnun matsáætlun vegna 8.000 tonna laxeldis í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði. Fyrirtækið hefur nú þegar leyfi til eldis á norskum laxi í Dýrafirði. Fyrirtækið er í helmingseigu Norway Royal Salmon, 47,5 prósent í eigu aðila sem skráðir eru á Kýpur og 2,5 prósent í eigu Novo ehf., segir í fréttatilkynningu LV.



**Erfðamengun frá sjókvíaeldi ógnar íslenska laxastofninum – enda eldisfiskurinn af norskum uppruna.** MYND/NASF

Í matsáætluninni kemur fram að fyrirtækið vill leyfi til að flytja inn norskan laxastofn til ræktunar á Íslandi en slíkt er til að mynda bannað í Noregi, þar sem lög kveða á um að óheimilt sé að flytja inn erlenda laxastofna vegna mikillar hættu á erfðamengun.

Í tilkynningu LV kemur fram að Norway Royal Salmon hefur nú yfir að ráða 10 grænum eldisleyfum í Noregi, en slík leyfi eru háð þeim skilyrðum að eingöngu má nota geldan fisk til eldis.

„Norway Royal Salmon ætlar hins vegar að hagnast á eldi frjórra laxa í sjókvíum hér við land með þekktum afleiðingum fyrir hinn villta íslenska laxastofn. Fyrirtækið er því tilbúið til að stunda grænt eldi heima við en ekki í íslenskri náttúru með tilheyrandi hættu. Notkun geldstofna ryður sér nú til rúms í Noregi og ætti að vera skilyrði norskra laxa í sjókvíum við Ísland.“ – **shá**

# Seldi kvóta úr Grímsey og fimmtán störf fjúka

**Útgerðarfyrirtækið Borgarhöfði hefur verið selt og flyst kvóti því úr Grímsey. Átti kvóta fyrir um milljarð og var einn burðarása atvinnulífs í eynni sem verður því fyrir mikilli blóðtöku. Fimmtán stöðugildi hverfa. Hin fyrirtækin skuldsett.**

**GRÍMSEY** Einn burðarása í útgerð í Grímsey, fyrirtækið Borgarhöfði, hefur verið selt til Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði og allur kvóti fyrirtækisins með. Fimmtán stöðugildi hverfa með fyrirtækinu í byggð sem telur innan við 90 íbúa.

Þrjú útgerðarfélög í eynni skulduðu Íslandsbanka rúmar þrjú þúsund milljónir í upphafi ársins 2015 og þurftu félögin að ganga til samninga við bankann til að greiða af skuldum sínum. Það hefur ekki gengið eftir í tilviki Borgarhöfða.

Eigendur Borgarhöfða vildu ekki tjá sig við Fréttablaðið en sendu þess í stað frá sér yfirlýsingu.

„Reynt var til þrautar að ná samkomulagi við viðskiptabanka félagsins um niðurfellingar á gengistryggðum lánum en þegar ljóst var að ekki næðust ásættanlegir samningar voru rekstrarforsendur brostnar og við þau skilyrði gat rekstur ekki haldið áfram í óbreyttri mynd,“ segir í yfirlýsingunni.

Eftir standa tvö fyrirtæki, Sigurbjörn ehf. og Sæbjörg ehf. sem standa ekki vel þrátt fyrir skipulagningu skulda fyrirtækisins. Þau fyrirtæki eru minni en Borgarhöfði var, með um átta stöðugildi hvort um sig.

KPMG segir í ársreikningi Sigurbjarnar ehf. fyrir árið 2015 að eigið fé þess fyrirtækis sé neikvætt um nærri 700 milljónir króna og við þær aðstæður leiki vafi á framtíðarrekstrarhæfi þess.

Edda Hermannsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, segir bankann horfa til stöðu byggðalaga við ákvarðanir um stoðir veikra byggða. Bankinn hafi aðstoðað fyrirtæki í Grímsey og þannig stutt við byggðina. Íslandsbanki leitist við að skoða samfélagslegg sjónarmið þegar fyrirtæki í strjálum byggðum lenda í rekstrarerfiðleikum.



**Sjávarútvegur í Grímsey heldur byggðinni uppi í eynni. Fréttablaðið/Pjetur**

> Bankinn hefur leitast við að aðstoða fyrirtæki eftir bestu getu.
>
> Edda Hermannsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka



„Íslandsbanki gerði samkomulag við fyrirtæki í Grímsey um fjárhagslega endurskipulagningu með tilliti til þessa. Bankinn hefur því leitast við að aðstoða fyrirtæki eftir bestu getu þó niðurstaðan hafi ekki alltaf orðið sú sem vonast var til,“ segir Edda Hermannsdóttir.

**sveinn@frettabladid.is**

# Vernda þarf heiti Íslands betur en nú

**VIÐSKIPTI** Íslensk stjórnvöld hafa vakið athygli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og skrifstofu Alþjóðahugverkastofnunarinnar í Genf, eða World Intellectual Property Organization (WIPO), á nauðsyn þess að festa betur í sessi vernd landaheita.

Þessar athugasemdir voru gerðar samhliða því að íslensk stjórnvöld, Samtök atvinnulífsins og Íslandsstofa gerðu í nóvember kröfu um ógildingu á skráningu bresku matvörukeðjunnar Iceland Foods á orðmerkinu Iceland til Hugverkaréttindaskrifstofu Evrópusambandsins.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu hefur Iceland Foods frest til 24. febrúar næstkomandi til að bregðast við kröfunni. Búast má við að málareksturinn hjá Hugverkaréttindaskrifstofu Evrópusambandsins taki að minnsta kosti eitt ár.

Íslandsstofa hafði áður sótt um að skrá vörumerkið „Inspired by Iceland“ í ríkjum Evrópusambandsins en fulltrúar Iceland Foods höfðu andmælt þeirri skráningu. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu hafnaði Hugverkaréttindaskrifstofa Evrópusambandsins andmælum Iceland Foods í desember. Það mál hefur þó ekki verið leitt til lykta því að Iceland Foods hefur frest fram í seinni hluta febrúarmánaðar til að bregðast við. – **jhh**

> **Íslandsstofa hafði áður sótt um að skrá vörumerkið „Inspired by Iceland“ í ríkjum Evrópusambandsins en fulltrúar Iceland Foods höfðu andmælt þeirri skráningu.**









# SKIPULAGIÐ FRELSAR!




40% afsláttur

Fjölnotapappír Pennans
A4 80gr. (500 bl.)
**TILBOÐSVERÐ: 563.-**
Verð áður: 938.-

Pentel



40% afsláttur

Skrúfblýantur - Sjálfmatandi
**TILBOÐSVERÐ: 719.-**
Verð áður: 1.199.-

Schneider



45% afsláttur af kassa

Kúlupenni - Fave (20 stk. / 50 stk.)
**TILBOÐSVERÐ: 1.859.- / 4.648.-**
Verð áður: 3.380.- / 8.450.-




25% afsláttur

Stílablokk A4
**TILBOÐSVERÐ: 1.124.-**
Verð áður: 1.499.-

Fagskipt stílabók A4
**TILBOÐSVERÐ: 1.499.-**
Verð áður: 1.999.-

Skipulagsstílabók A4
**TILBOÐSVERÐ: 2.249.-**
Verð áður: 2.999.-



50% afsláttur

Bantex

Pappamappa með teygju
**TILBOÐSVERÐ: 190.-**
Verð áður: 379.-

UNILUX



Borðlampi með fæti
Success 80 LED
**TILBOÐSVERÐ: 18.893.-**
Verð áður: 26.990.-

30% afsláttur

30% afsláttur

Borðlampi með festingu
Success 66 LED
**TILBOÐSVERÐ: 13.993.-**
Verð áður: 19.990.-

LEITZ COMPLETE



Þráðlaus hátalari
með hljóðnema
**TILBOÐSVERÐ: 6.999.-**
Verð áður: 9.999.-

CITIZEN



25% afsláttur

Vasareiknir Citizen CDC 80
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki 2016

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda út febrúarmánuð eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Vanhugsaður virðisauki



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það verður ball á Bessastöðum í kvöld, eða því sem næst, en þá verður þar húsfyllir af ægilegum verum sem í daglegu tali kallast rithöfundar. Tilefnið er afhending Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2016, en verðlaunað er í þremur flokkum: Fræðibækur og rit almenns eðlis, barna- og ungmennabækur og loks fagurbókmenntir. Allt bækur sem skipta máli og við, bókaþjóðin á enda veraldar, eigum vonandi eftir að halda áfram að lesa um ókomin ár vegna þess að góðar bækur eru mannbætandi.

Manneskja sem les góðar bækur eykur skilning sinn á heiminum. Á mannlegu eðli, landinu og náttúrunni, vísindum og listum, gleði okkar og sorgum, jafnvel sjálfri ástinni. Síðu eftir síðu, bók eftir bók er lestur þannig virðisaukandi fyrir manneskjuna. Einstaklingana sem móta samfélag sem þarf á því að halda fólk sé í senn upplýst og vel meinandi til þess að þar dafni framfarir og velferð. Lestur er hinn eiginlegi virðisauki samfélagsins af bókum. En virðisaukaskattur stjórnvalda á bækur er hins vegar þrándur í götu lesturs. Vanhugsuð álagning á aðgengi almennings að bókum.

Virðisaukaskattur á bókum felur í sér álögur á almenning sem hefur vilja til þess að lesa góðar og fræðandi bækur með sama hætti og hann er íþyngjandi fyrir námsmenn allt frá því að grunnskólanámi lýkur. Það er skammsýn skattlagning í samfélagi sem þarf á vel menntuðu fólki að halda til þess að þokast til framfara og velferðar. Og það er ekki eins og allt það fjármagn sem fer í ríkiskassann fari í að fjárfesta í íslenskum bókmenntum, hvers eðlis sem þær eru, því þar hallar svo sannarlega verulega á bækurnar og lesendur þeirra. Ríkið fær sem sagt langtum meira inn en það skilar til baka til bókasamfélagsins og hefur gert lengi. Það eru lesendur sem greiða mismuninn. Lesendur sem eru í námi eða vilja njóta góðra bókmennta. Fræðast, þroskast og bæta sig fyrir tilstilli töfra lestursins. Þetta er ekki bara skammsýni, þetta er hreint út sagt arfavitlaust – þið afsakið orðbragðið.

En í dag er uppskeruhátíð íslenskra bókmennta og af því að við Íslendingar elskum bókmenntir þá er ballið á Bessastöðum og sjálfur forsetinn afhendir verðlaunin. Auðvitað sýnist sitt hverjum um hvern á að verðlauna og fyrir hvaða bók en það er ekki það sem öllu máli skiptir. Það sem öllu máli skiptir er tækifærið fyrir nýjan ráðherra mennta- og menningarmála á Íslandi til þess að snúa okkur af þessari braut álagningar á menntum og lestur landsmanna. Að sýna og sanna að það sé raunverulegur vilji hjá nýrri ríkisstjórn til þess að jafna aðstöðumun við menntun, bæta aðgengi landsmanna að góðu lesefni og leggja þung lóð á vogarskálina í baráttunni fyrir íslenskunni. Tungumálinu sem mótar og skilgreinir bókaþjóðina. Tungumáli íslenskra lesenda.

> **Þetta er ekki bara skammsýni, þetta er hreint út sagt arfavitlaust – þið afsakið orðbragðið.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Húsmæðurnar**

**Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra baðst í gær afsökunar á ummælum sínum á þingi þegar hann kallaði þær þingkonur sem tóku til máls um opinber fjármál „hagsýnar húsmæður“. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingkona VG, varð fyrst til að gagnrýna orðavalið. Ekki væri viðeigandi að ráðherra í ríkisstjórn sem kenndi sig við jafnrétti talaði svona. Benedikt tók undir að ummælin væru kjánaleg og hefðu verið misheppnuð tilraun til að vera hnyttinn. Hagsýn húsmóðir er þó ekki skammaryrði og óskandi að sem flestir fjármálaráðherrar hagi ríkisrekstrinum eins og hagsýnar húsmæður. Í því felst að sleppa óþarfa bruðli en vera óhræddur við að taka upp veskið þegar heimilisfólkið þarf til læknis.**

**Upp við vegg**

**Formaður VR, Ólafía B. Rafnsdóttir, hefur stillt stjórnvöldum upp við vegg og segir að endurskoða þurfi ákvörðun kjararáðs um launahækkun æðstu embættismanna áður en endurskoðun kjarasamninga ljúki innan þriggja vikna. Stór orð hjá formanninum en lítill vilji er hjá stjórnvöldum að hræra í ákvörðun kjararáðs. Það er spurning hvernig stjórnvöld munu mæta til leiks gegn formanni stærsta stéttarfélags landsins sem þegar hefur hnýtt á sig skóna og dregið átakalínur á vangana, tilbúin í slaginn. snaeros@frettabladid.is**

# Framtíðin er björt



Guðni Bergsson
lögmaður og frambjóðandi til formanns KSÍ

Upplifunin síðasta sumar að fylgjast með okkar eigin landsliði á EM í Frakklandi bæði fyrir mig sem fyrrverandi landsliðsfyrirliða og okkur öll var stórkostleg. Næsta sumar munum við svo stolt fylgjast með kvennaliðinu á EM í Hollandi sem er að fara á sitt þriðja stórmót.

**Grasrótin er grunnurinn**

Þessi árangur endurspeglar það frábæra starf sem er unnið um allt land hjá aðildarfélögum KSÍ. Grasrótarstarfið sem unnið er í yngri flokkunum á Íslandi er til fyrirmyndar. Við eigum að halda áfram á sömu leið og efla enn frekar menntun þjálfara. KSÍ á einnig að huga sérstaklega að því að styðja við bakið á félögum á landsbyggðinni þar sem kostnaður vegna ferðalaga vegur þungt. Þá er mikilvægt að efla markaðsstarfið í kringum fótboltann hér heima. KSÍ og samstarfsaðilar eiga að sameinast um átak til að fjölga áhorfendum á leikjum, bæði karla og kvenna.

**Spilum áfram í efstu deild**

Yfirgnæfandi meirihluti tekna KSÍ eru styrkir frá EUFA, FIFA og tekjur af erlendum sjónvarpsrétti. Samkvæmt ársreikningi 2016 eru þetta 2,6 milljarðar króna, eða 88 prósent af öllum tekjum sambandsins! Það er eitt mikilvægasta verkefni KSÍ að standa vörð um þessar tekjur og leita leiða til að auka þær. Fyrir aðildarfélögin eru miklir hagsmunir í húfi. Við þurfum að nýta okkur meðbyrinn. Til þess þurfa allir að helga sig verkefninu 100 prósent. Formaður KSÍ á að vera sýnilegur og virkur í starfi hreyfingarinnar, fulltrúi fótboltans í grasrótinni, gagnvart aðildarfélögum og öllum hinum fjölmörgu hagsmunaaðilum sem KSÍ starfar með. Á undanförnum árum hefur umgjörð um fótbolta á Íslandi breyst mikið. Fagmennskan hefur aukist. Við þurfum að byggja á því sem áunnist hefur og bæta það sem betur má fara. Ég vil leggja áherslu á gegnsæi og einfalt og skilvirkt skipurit utan um starfsemi KSÍ.

Ég hlakka til að hitta fulltrúa á ársþingi KSÍ, til skrafs og ráðagerða um það hvernig við getum saman bætt fótboltann á Íslandi.

> **Formaður KSÍ á að vera sýnilegur og virkur í starfi hreyfingarinnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# „Í guðanna bænum gerið það ekki“



Hrafn Magnússon
fv. framkvæmdastjóri

Enn á ný er komið fram frumvarp á Alþingi um að heimila sölu áfengis í matvöruverslunum. Verði frumvarpið að lögum verður hægt að kaupa léttvín og bjór í verslunum frá og með næstu áramótum frá klukkan níu að morgni til miðnættis.

Þetta frumvarp er lagt fram þó vitað sé að meirihluti landsmanna hefur í mörgum skoðanakönnunum lýst sig andsnúinn því að hægt sé að kaupa áfengi í matvöruverslunum.

### Skoðun landlæknis og umboðsmanns barna

Birgir Jakobsson landlæknir hefur sagt í fjölmiðlum nýlega að fyrirhugað frumvarp sé algjörlega í andstöðu við lýðheilsustefnu fyrrverandi ríkisstjórnar. Landlæknir segir orðrétt: „Raunverulega er það í andstöðu við það sem alþjóðasamtök segja; að hafi maður ekki sleppt þessu frjálsu í guðanna bænum gerið það ekki. Þetta skref verður aldrei tekið til baka og er óheillaspor.“

Þegar viðlíka frumvarp var til umræðu á Alþingi á síðasta vetri kom fram í umsögn umboðsmanns barna, Margrétar Maríu Sigurðardóttur, að fjölmargar rannsóknir hafi sýnt að aukið aðgengi að áfengi auki neyslu í samfélaginu og skapi verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir börn, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt.

### Viðtal við forstjóra Haga

Þó fjöldinn allur af fagaðilum, einkum á sviði heilbrigðismála, hafi stigið fram og varað við þeim skaðlegu áhrifum sem aukið aðgengi áfengis í matvöruverslunum hafi í för með sér er þó einn aðili sem fagnar frumvarpinu sérstaklega. Hann heitir Finnur Árnason og er forstjóri Haga, sem m.a. reka Bónus og verslanir Hagkaups.

Í löngu blaðaviðtali við forstjórann lýsir hann því yfir að það sé tímaskekkja að heimila ekki sölu áfengis í matvöruverslunum. Hagar séu nú „að byggja upp í rólegheitum“ að koma áfengistegundum Haga í sölu í vínbúðum. Nú þegar sé fyrirtækið komið með 50 tegundir í sölu sem verði 65 talsins innan skamms. Finnur Árnason fagnar sérstaklega að líkurnar á að opna fyrir sölu áfengis í matvöruverslunum hafi aukist með nýrri ríkisstjórn og „að yngri þingmenn átti sig á því að þetta er úrlausnarverkefni sem þarf að leysa“.

Við lestur þessa viðtals við Finn Árnason, forstjóra Haga, kemur skýrt fram að hann óskar þess heitast að umrætt frumvarp verði samþykkt á Alþingi og að hægt verði að kaupa áfengi í Bónus og verslunum Hagkaups eins fljótt og verða má.

Nú er það svo að Hagar eru almenningshlutafélag sem skráð er á markaði í Kauphöll Íslands. Meðal tíu stærstu hluthafanna eru sjö lífeyrissjóðir. Það má því eiginlega segja að þjóðin eigi Haga. Sú sama þjóð sem að meirihluta er á móti auknu aðgengi að áfengi í matvöruverslunum.

### Hver er skoðun stjórnar Haga?

Í umræddu viðtali talar Finnur bersýnilega sem forstjóri Haga. Hann er því ekki að reifa sínar einkaskoðanir heldur hlýtur hann að tala í umboði stjórnar Haga. Eða hvað? Ekkert hefur heyrst í stjórn Haga og engar athugasemdir borist um það að hún sé ósammála forstjóranum.

Hvernig væri að fjölmiðlamenn leituðu álits stjórnar Haga hvort hún sé sammála forstjóranum um

> **Færa má fullgild rök fyrir því að örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna muni aukast ef þetta áfengisfrumvarp nær fram að ganga. Með aukinni örorku minnkar að sama skapi geta lífeyrissjóðanna til eftirlaunagreiðslna.**

sölu léttvíns og bjórs í verslunum fyrirtækisins, þrátt fyrir aðvaranir heilbrigðisstétta með landlækni í forystu? Stjórn Haga getur ekki borið fyrir sig að það sé ekki á verksviði hennar að ákveða einstaka vöruflokka í verslunum fyrirtækisins. Málið er langtum stærra og alvarlega en það. Stjórnin hlýtur að hafa skoðun á þessu stórmáli. Hún getur ekki látið forstjórann spila einleik.

### Í guðanna bænum gerið það ekki

Haft er eftir Kára Stefánssyni, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, að sala áfengis í matvöruverslunum sé ekki spurning um frelsi, ríkisrekstur eða ekki ríkisrekstur. Málið snúist aftur á móti um að koma í veg fyrir eitt versta heilsufarsvandamál ungs fólks sem er alkóhólismi og að koma í veg fyrir að freisting sé fyrir allra augum í matvöruverslunum.

Færa má fullgild rök fyrir því að örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna muni aukast ef þetta áfengisfrumvarp nær fram að ganga. Með aukinni örorku minnkar að sama skapi geta lífeyrissjóðanna til eftirlaunagreiðslna. Það er því dapurlegt ef stjórn Haga með forstjórann í fararbroddi ætlar að berjast fyrir afgreiðslu þessa áfengisfrumvarps.

Í guðanna bænum gerið það ekki.

# Hver er tilgangur fæðingarorlofs?



Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir

„Ég er ekkert viss um að það sé betra að lengja fjarvistina frá vinnumarkaði, út frá starfsþróun og starfsframa. Það gæti jafnvel aukið enn frekar á kynbundna mismunun í starfsþróun.“ Viðhorf félagsmálaráðherra til lengingar fæðingarorlofs í Stundinni varpa skýru ljósi á vanda barna: Mikilvægar ákvarðanir sem varða heill barna eru teknar á forsendum annarra. Í þessu tilviki er eins og tilgangur fæðingarorlofs hafi gleymst. Málið er að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og þörf barna fyrir foreldra sína verður nánast eins og aukaatriði. Orð ráðherra bera vitni um afstöðu til barna sem illu heilli er talin góð og gild í samfélaginu.

Því lengur sem ég vinn með ungbörn og foreldra þeirra því skýrara sé ég hversu lítið þol samfélagið hefur fyrir því að börn séu lítil, háð, þurfandi og truflandi. Nokkurra mánaða gömul eiga þau að sofa eins og fullorðið fólk, níu mánaða eiga börn að sætta sig möglunarlaust við að ókunnugt fólk annist þau og árs gömul viljum við gera þau að nemendum í skóla. Ekkert af þessu er út frá forsendum barna eða með hliðsjón af þörf þeirra fyrir tengsl. Sýni börn heilbrigð viðbrögð við þvinguðum aðskilnaði frá foreldrum sínum eða öðrum kvíðavekjandi aðstæðum köllum við þau erfið og skellum jafnvel á þau sjúkdómsgreiningu. Komin með greiningu er fátt um úrræði annað en biðlistar eftir þjónustu eða lyf af ýmsu tagi en íslensk börn slá ekki aðeins met í neyslu geðlyfja heldur herma nýlegar fréttir að sprenging hafi átt sér stað í ávísun svefnlyfja á börn.

### Virðingarleysi gagnvart þörfum barna

Virðingarleysið gagnvart þörfum ungra barna endurspeglar að mínu mati ótta okkar við að vera háð öðrum. Persónulega hafa margir erfiða reynslu af því að hafa þurft að reiða sig á aðra og urðu því sjálfstæðir löngu áður en þeir höfðu þroska eða getu til. Sameiginlega eigum við sögu um kúgun erlends yfirvalds auk sambýlis við ófyrirsjáanlega náttúru sem verður fyrirvaralaust hamslaus og eyðileggjandi í stjórnlausum yfirgangi sínum. Ómeðvitaður vanmáttur frammi fyrir ofurefli á efalítið þátt í sjálfstæðisþörf Íslendinga sem þjóðar en líka sem einstaklinga. Við getum ekki beðið eftir að börnin okkar verði sjálfstæð og fullorðin. Hvað eftir annað rek ég mig á að fólk stendur í þeirri trú að lítil börn sem eru hugguð „of oft“ verði annaðhvort liðleskjur eða frekjuhundar. Óttinn við að þolinmóð umhyggja skemmi börn er svo útbreiddur að hann telst eðlilegur.

Sjálfstæði sem stendur undir nafni næst ekki með því að henda börnum sem fyrst út í djúpu laugina. Þvert á móti er raunverulegt sjálfstæði afsprengi þess að hafa fengið að vera háður öðrum eins lengi og maður þarf. Ófullnægðar þarfir fyrir nánd í bernsku leiða til óseðjandi hungurs á fullorðinsaldri, til dæmis í mat, kynlíf eða áfengi. ACE-rannsóknin sýnir svart á hvítu að beint orsakasamhengi er á milli óhóflegrar streitu í uppvextinum og sjúkdóma á fullorðinsaldri, líkamlegra ekki síður en andlegra. Þess vegna verðum við að hugsa hlutina upp á nýtt.

Við erum ekki lengur fátæk þjóð sem skortir aðgang að gagnreyndri þekkingu. Hvort sem við lítum til mannúðarsjónarmiða, almennrar skynsemi eða rannsókna í geðheilbrigðis- og hagfræði er niðurstaðan alltaf sú sama: Fjármunir sem fara í að styrkja fjölskyldur fyrstu ár barna þeirra skila samfélaginu mestum hagnaði og spara með tímanum gríðarleg útgjöld. Hversu öfluga starfskrafta vinnumarkaðurinn fær í framtíðinni veltur því að verulegu leyti á að foreldrum þeirra hafi verið gert kleift að sinna þeim þegar þeir þurftu mest á því að halda.












Fyrirliðar liðanna fjögurra í undanúrslitum Maltbikars kvenna í körfubolta með nýja bikarinn sem verður keppt í fyrsta sinn um í ár. Talið frá vinstri: Gunnhildur Gunnarsdóttir, Snæfelli, Erna Hákonardóttir, Keflavík, Nashika Wiliams, Haukum, og Guðrún Ósk Ámundadóttir, Skallagrími. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

MALTBIKARINN
Í KÖRFUBOLTA
UNDANÚRSLIT 2017
LAUGARDALSHÖLL

MIÐ. 8. FEB. KVENNA
KL. 17:00
KEFLAVÍK-HAUKAR
KL. 20:00
SKALLAGRÍMUR-SNÆFELL

FIM 9. FEB. KARLA
KL. 17:00
VALUR-KR
KL. 20:00
ÞÓR Þ.-GRINDAVÍK

MIÐASALA HJÁ FÉLÖGUNUM OG Á TIX.IS

ÖLGERÐIN
#MALTBIKARINN

# Stál í stál í dag

**Pétur Már Sigurðsson, þjálfari Stjörnunnar, býst við tveimur hörkuleikjum í Höllinni í kvöld þegar undanúrslit Maltbikars kvenna í körfubolta fara fram.**

**KÖRFUBOLTI** Bikarúrslitavika KKÍ hefst í kvöld með undanúrslitaleikjum Maltbikars kvenna en þetta verður í fyrsta sinn sem undanúrslitaleikirnir fara fram í Laugardalshöllinni. Það geta líka orðið söguleg úrslit í kvöld því topplið Domino's-deildar kvenna, Skallagrímur, fær þá tækifæri til að komast í bikarúrslitaleikinn í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Það er allt aðra sögu að segja af liðunum í fyrri leiknum þar sem Keflavíkurkonur geta bætt við metið sitt og komist í sinn 22. úrslitaleik en að sama skapi geta Haukakonur orðið fjórða félagið til að spila tíu úrslitaleiki hjá konunum. Leikur Keflavíkur og Hauka hefst klukkan 17.00.

Skallagrímur þarf að slá út Íslands- og bikarmeistara Snæfells til að komast í sinn fyrsta bikarúrslitaleik. Snæfellsliðið hefur spilað þrjá bikarúrslitaleiki á síðustu fimm árum en vann bikarinn í fyrsta skiptið í fyrra. Leikur Skallagríms og Snæfells hefst klukkan 17.00.

**Keflavík verður skrefinu á undan**

Fréttablaðið fékk Pétur Má Sigurðsson, þjálfara Stjörnunnar, til að spá um leiki kvöldsins. Keflavíkurliðið hefur unnið alla leikina við Hauka í vetur en þann síðasta bara með þremur stigum.

„Ég held að þetta verði hörkuleikur. Bæði lið eru með unga og spræka leikmenn og það er mikil framför í leik Haukanna. Keflavík er hins vegar búið að eiga betra tímabil og er með góða leikmenn,“ segir Pétur.

„Ég held að Keflvíkingarnir verði alltaf skrefinu á undan og ef Keflavíkurstelpurnar ná að hleypa leiknum upp í hraðan leik þá sigla þær yfir Haukastelpurnar. Ef Haukastelpurnar ná að stjórna hraðanum þá gæti þetta orðið hörkuleikur. Ég spái því samt að Keflavík vinni þetta með sjö til tíu stigum,“ segir Pétur.

Skallagrímur hefur unnið Snæfell bæði í Borgarnesi og í Stykkishólmi í vetur. Pétur Már sér fram á æsispennandi baráttuleik.

**Ekki slagsmál en rosaleg barátta**

„Þetta verður rosalegur leikur. Snæfell vill spila hratt en bæði lið eru mjög agressív og þetta verður ekki beint slagsmálaleikur en rosaleg barátta. Snæfellsstelpurnar spila rosalega öfluga vörn á hálfum velli og treysta á hraðaupphlaupin en aftur á móti eru Skallagrímsstelpurnar mjög öflugar í fráköstum og stórar og sterkar,“ segir Pétur.

**» Nítján félög hafa átt lið í bikarúrslitaleikjum karla og kvenna og Skallagrímur getur orðið það tuttugasta.**

„Þetta verður stál í stál. Skallagrímsliðið er búið að spila stöðugan agressívan bolta í allan vetur þó að þær séu oft ekki að spila vel í sókninni. Þær frákasta svo vel að það er erfitt að spila á móti þeim,“ segir Pétur og bætir við: „Snæfellsstelpurnar voru í smá lægð en við vorum að spila á móti þeim um daginn og þá var allt annað að spila móti þeim en tveimur vikum áður í bikarnum. Þá var allt annað að sjá þær og rétta Snæfellsliðið mætt til leiks,“ segir Pétur.

„Þetta verða fimm stig hér, fimm stig þar en ég held samt að Snæfellingarnar taki þetta í restina með fullri virðingu fyrir mínu gamla félagi. Snæfellsstelpurnar kunna vel við sig þegar verið er að spila um eitthvað stórt,“ segir Pétur að lokum. **ooj@frettabladid.is**

**Bikarkeppni HSÍ, konur**

| Grótta - Selfoss | 20-21 |
|---|---|

**Mörk Gróttu**: Þórey Anna Ásgeirsdóttir 11, Laufey Guðmundsdóttir 2, Sunna Einarsdóttir 2, Lovísa Thompson 2.
**Mörk Selfoss**: Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 11, Dijana Radojevic 3, Kristrún Steinþórsdóttir 2, Arna Einarsdóttir 2.

*Þetta var fyrsti leikurinn í átta liða úrslitum Coca-Cola-bikars kvenna.*

**Í kvöld:**
**Stjarnan - ÍBV**
**Fylkir - Fram**
**Afturelding - Haukar**

## RIO OPNAR SIG

Rio Ferdinand segir að hann hafi aldrei gefið sér nægilegan tíma til að syrgja eiginkonu sína sem féll frá eftir stutta baráttu við krabbamein í maímánuði árið 2015. Rebecca Ellison, eiginkona Ferdinands, féll frá eftir að hafa greinst með krabbamein í brjósti. Hún var 34 ára.
„Ég held að ég hafi aldrei syrgt almennilega,“ sagði Ferdinand í viðtali sem birtist í heimildarþætti á BBC um foreldra sem missa maka sína.
„Ég hef ekki gefið mér tíma til að setjast niður og koma öllum mínum tilfinningum almennilega frá mér.“
Ferdinand fékk mikið lof fyrir að stíga fram og taka þátt í þessari mikilvægu umræðu. Ferdinand er einn þekktasti knattspyrnumaður Bretlands en hann var á mála hjá Manchester United í tólf ár og spilaði 81 landsleik fyrir England. Rio og Rebecca gengu í hjónaband árið 2009 og eignuðust þrjú börn saman.

## KÁRI SVARAR KRISTJÁNI ARA

Landsliðsmaðurinn Kári Kristján Kristjánsson gefur lítið fyrir þá skoðun Kristjáns Arasonar að hann og fleiri eigi að víkja úr landsliðinu.
„Núna eru stórar ákvarðanir sem þjálfararnir verða að taka. Við erum með Guðjón Val, Arnór Atla, Ásgeir Örn og Kára. Ég er á því að fá bara unga leikmenn inn fyrir alla þessa fjóra leikmenn. Ég held að það sé kominn tími á að liðið hans Arons Pálmarssonar taki við. Við vorum með liðið hans Ólafs Stef og svo með liðið hans Guðjóns Vals. Mér finnst kominn tími á að gefa þessum yngri mönnum allt sviðið,“ sagði Kristján í viðtali við íþróttadeild 365 á dögunum.
Kári svaraði þessum ummælum Kristjáns í Akraborginni á X-inu.
„Helvíti er Kristjáni hugleikið að afskrifa,“ sagði Kári beittur.
„Ég átta mig ekki alveg á þessu. Þetta er samt bara hans skoðun og ég ætla bara ekkert að virða hana. Þeir sem lentu á höggstokknum hjá honum eru til að mynda Guðjón Valur. Ég held að hann sé fimmti markahæsti leikmaðurinn í Bundesligunni. Hart og vond skilaboð til ungra leikmanna að ef þú standir þig svona vel eigirðu samt ekki erindi í landsliðinu. Það þykir mér afskaplega sérstök nálgun.“



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.40 | Leicester - Derby | Sport |
| 03.00 | Mexíkó - Ísland | Sport |





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. febrúar 2017 | 5. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL


# Icelandair í mótvindi

**Hlutabréfaverð Icelandair er í frjálsu falli og hluthafar kalla eftir trúverðugri aðgerðaáætlun til að snúa stöðunni við. „Tiltrú fjárfesta á félaginu er lítil,“ segir Svanhildur Nanna, hluthafi í Icelandair, sem íhugar að sækjast eftir stjórnarkjöri. Vogunarsjóður seldi öll bréf sín í félaginu í janúar.**





»2

## Tók aldrei til starfa

Nefnd sem átti að koma með tillögur að endurskipulagningu fjármálakerfisins var aldrei sett á fót. Bjarni Benediktsson, þáverandi fjármálaráðherra, átti að ganga frá skipan hennar.

»2

## Nýr fjárfestir inn í Omnom

Svissneska fjárfestingafélagið Quadia hefur keypt tólf prósenta hlut, og samið um kauprétt á 18 prósentum til viðbótar, í íslenska súkkulaðiframleiðandanum Omnom Chocolate.

»4

## Smáralind stefnt út af bílastæðum

Norðurturninn hefur stefnt eignarhaldsfélaginu Smáralind og Kópavogsbæ vegna áforma um íbúðahverfið 201 Smári. Forstjóri Regins segir BYGG á bak við málaferlin.







Súkkulaði Omnom er nú fáanlegt í 17 löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fjárfestir frá Sviss kaupir hlut í Omnom Chocolate

Svissneska fjárfestingafélagið Quadia, sem hefur aðsetur í Genf, hefur keypt tólf prósenta hlut, og samið um kauprétt á 18 prósentum til viðbótar, í íslenska súkkulaðiframleiðandanum Omnom Chocolate. Ef Quadia nýtir sér kaupréttinn verður félagið annar stærsti hluthafi Omnom en stofnandi svissneska félagsins, Eric Christian Archembau, hefur þegar tekið sæti í þriggja manna stjórn íslenska fyrirtækisins.

Þetta staðfestir Óskar Þórðarson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Omnom Chocolate, í samtali við Markaðinn. Quadia rekur skrifstofu í London og sérhæfir sig að sögn Óskars í fjárfestingum í sjálfbærri matvælaframleiðslu og umhverfisvænni orku.



Óskar Þórðarson, framkvæmdastjóri Omnom Chocolate

„Þetta mun hjálpa félaginu að ná sínum markmiðum á innlendum og erlendum mörkuðum. Quadia mun hjálpa okkur mikið í öflun hrávöru til framleiðslunnar. Svo eru gríðarlegar tengingar, þegar við förum að þurfa þess, varðandi dreifingu og sölu. Þeir höfðu trú á okkar sýn og vörumerkinu. Omnom er í miklum vexti og með Quadia erum við að fá gríðarlega reynslu frá fjárfestingarhópi, sem sérhæfir sig í að fjárfesta og vinna með félögum sem hafa umhverfisvernd, sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi,“ segir Óskar.

Omnom var stofnað árið 2013 og opnaði verksmiðju og verslun úti á Granda í júlí í fyrra. Óskar og Kjartan Gíslason, súkkulaðigerðarmeistari og stjórnarformaður Omnom, mynda hluthafahóp félagsins ásamt Quadia. Súkkulaði þess er að sögn Óskars selt í yfir 500 verslunum í 17 löndum. Samkvæmt skráningu Omnom hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra (RSK) var félagaformi þess breytt úr einkahlutafélagi í hlutafélag á sama tíma og Eric Christian varð stjórnarmaður. – hg

# Ráðherranefnd vildi endurskoða bankana

**Ráðherranefnd efnahagsmála samþykkti í fyrra að skipa nefnd til að koma með tillögur að endurskipulagningu fjármálakerfisins. Bankamaðurinn Michael Ridley átti að stýra vinnunni. Nefndin var hins vegar aldrei sett á laggirnar.**

Ráðherranefnd um efnahagsmál samþykkti síðastliðið sumar að skipa sérstaka þriggja manna nefnd sem hefði það hlutverk að koma með heildstæðar tillögur að endurskipulagningu á fjármálakerfinu. Samkvæmt öruggum heimildum Markaðarins var ákveðið af ráðherranefndinni að Bretinn Michael Ridley, fyrrverandi bankamaður hjá JP Morgan sem hafði veitt stjórnvöldum umfangsmikla ráðgjöf við fjármálaáfallið 2008, myndi stýra vinnu nefndarinnar.




Ráðherranefnd um efnahagsmál samþykkti í fyrra að fela þáverandi fjármálaráðherra að skipa nefnd um endurskipulagningu bankakerfisins.

Bjarna Benediktssyni, þáverandi efnahags- og fjármálaráðherra, var falið að ganga endanlega frá skipan nefndarinnar. Aldrei varð hins vegar af því að nefndin tæki til starfa. Markaðurinn leitaði eftir svörum af hverju það stafaði, bæði frá Svanhildi Hólm Valsdóttur, aðstoðarmanni Bjarna, og fjármálaráðuneytinu, en engin svör höfðu borist áður en blaðið fór í prentun.

Ráðherranefnd um efnahagsmál var á þessum tíma skipuð auk Bjarna, sem gegnir nú embætti forsætisráðherra, þeim Sigurði Inga Jóhannssyni, þáverandi forsætisráðherra, Ólöfu Nordal, þáverandi innanríkisráðherra, og Lilju Dögg Alfreðsdóttur, þáverandi utanríkisráðherra. Samkvæmt heimildum Markaðarins var gert ráð fyrir því að nefndin myndi í störfum sínum meðal annars vinna tillögur að uppstokkun á bönkunum í því skyni að minnka efnahagsreikning þeirra og draga úr kerfislægri áhættu. Þá átti hún að koma með tillögur um hvort æskilegt væri að ríkið færi til framtíðar með eignarhald á bönkunum, hvort sem það væri í formi ráðandi eignarhlutar eða sem eigandi alls hlutafjár í einum banka.

Íslenska ríkið á sem kunnugt er Íslandsbanka og Landsbankann auk 13 prósenta hlutar í Arion banka. Afkomuskiptasamningur sem stjórnvöld gerðu við kröfuhafa Kaupþings á sínum tíma þýðir jafnframt að ríkið mun fá í sinn hlut að langstærstum hluta söluandvirði Arion banka þegar Kaupþing selur sinn hlut í bankanum.

Michael Ridley er sem fyrr segir vel kunnugur Íslandi. Hann fór fyrir þriggja manna teymi JP Morgan sem kom hingað til lands sunnudaginn 5. október 2008. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir að „ákveðin kaflaskil“ hafi orðið varðandi afstöðu ráðherra „til stöðu íslenska bankakerfisins“ á fundi sem þeir áttu með ráðgjöfum bankans aðfaranótt mánudagsins 6. október. Á þeim fundi útskýrðu sérfræðingar JP Morgan að ekki yrði hægt að bjarga bönkunum og því lögðu þeir til að Alþingi myndi samþykkja sem fyrst sérstakar heimildir fyrir stjórnvöld í því skyni að vernda innlenda starfsemi viðskiptabankanna. Fjárfestingabankinn og ráðgjafar hans gegndu í kjölfarið lykilhlutverki við að aðstoða Seðlabankann að koma greiðslumiðlun Íslands við útlönd í eðlilegt horf. hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

## Til sölu - Höllin veitingahús ehf

**Höllin Veitingahús á einni hæð við Hafnargötu 16 á Ólafsfirði - samtals 267,8 m².** Fokheldar íbúðir og bílskúr/atvinnuhúsnæði í sama húsi - samtals 253,0 m². Eignin skiptist í tvo veitingasali, rúmgott eldhús, salerni og starfsmannaaðstöðu auk geymslna og útisvæðis.
Efri hæðin er skráð sem íbúðir og inngangurinn er að framanverðu.
Þar er gert ráð fyrir tveimur c.a. 80 m² íbúðum en rýmið er núna að stærstum hluta eitt opið rými, fokhelt að telja. Þessi hluti er samtals skráður 176,3 m². Á jarðhæð er svo 76,7 m² rými sem skráð er sem bílskúr en er notað í dag sem trésmiðaverkstæði. Húsið hefur verið tekið í gegn að utan, en þak er lélegt á þessum hluta.

Eignin býður því upp á fjölmarga möguleika, bæði fyrir áframhaldandi veitingarekstur sem og uppgerð íbúða og/eða útleigu.
**Eignin getur selst öll í einu eða í eftirfarandi hlutum:**
- Einungis rekstur veitingahússins með tilheyrandi fylgifé.
- Veitingahúsið (267 m²) og reksturinn.
- Fokheldu íbúðirnar og bílskúrinn/atvinnuhúsnæðið. ásett verð á allri eigninni 38. m skipti á eign á Akureyri eða höfuðborgarsv. koma til greina, áhvílandi 5 m. **Upplýsingar: Hvammur Fasteignasala**

HVAMMUR FASTEIGNASALA
**Hafnarstræti 19 • 600 Akureyri**
**Sími 466 1600** - http://www.kaupa.is/soluskra/eign/386245

# Tryggvi Þór seldi sig út úr Bazaar

Tryggvi Þór Herbertsson, fjárfestir og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, seldi tæpan helmingshlut sinn í veitingastaðnum Bazaar í október til hóps fjárfesta undir forystu athafnakonunnar Margrétar Ásgeirsdóttur og knattspyrnumannsins fyrrverandi Arnars Gunnlaugssonar. Tveir viðskiptafélagar Tryggva, þeir Guðjón Þór og Svavar Þór Guðmundssynir, seldu þá einnig eignarhluti sína í Bazaar og á fjárfestahópurinn nú allt hlutafé veitingastaðarins og hótelið Oddsson sem bæði eru rekin í JL-húsinu.

Þetta staðfestir Tryggvi Þór í samtali við Markaðinn og svarar aðspurður að hann og bræðurnir Guðjón Þór og Svavar Þór hafi átt alls 80 prósent í félaginu JL veitingar ehf. Margrét og meðfjárfestar hennar hafi komið inn í hluthafahóp félagsins í byrjun 2016 og þá keypt 20 prósent. Veitingastaðurinn var opnaður í byrjun síðasta sumars.

„Ég er búinn að selja þessa fjárfestingu en hinir eigendurnir keyptu mig út. Ég var aldrei annað en fjárfestir þarna og er bara í þessum ráðgjafarbissness sem ég er búinn að vera í síðan ég sat á þingi,“ segir Tryggvi og svarar aðspurður að hann einbeiti sér nú meðal annars að verkefnum fyrir fjármálafyrirtækið Gamma.



Veitingastaðurinn Bazaar og hótelið Oddsson eru rekin í JL-húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ég er búinn að selja þessa fjárfestingu en hinir eigendurnir keyptu mig út.**



Tryggvi Þór Herbertsson, fjárfestir og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Margrét Ásgeirsdóttir á helmingshlut í JL Holding, eiganda JL-hússins, í gegnum félag sitt S9 ehf. Hin 50 prósentin eru í eigu Loftsson Holding ehf. en endanlegir eigendur þess eru Lárus Sighvatur Lárusson og Stefán Arnalds. Arnar Gunnlaugsson tók við stjórnarformennsku í JL Veitingum af Tryggva Þór þegar viðskiptin gengu í gegn um miðjan október og eru hann og Margrét einu stjórnarmenn þess. Hluthafalisti JL veitinga hefur ekki verið uppfærður hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra (RSK). Eins og sjá má á tilkynningu um breytingu á stjórnarskipan félagsins til RSK kom til greina að veitinga- og sjónvarpsmaðurinn Ásgeir Kolbeinsson myndi setjast í stjórn JL veitinga. Nafn hans er á skjalinu en búið er að strika yfir það. haraldur@frettabladid.is

HB HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

**FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030**

**Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga**

**Nýkomin sending af glæsilegum Mahogany og Hnotu húsgögnum**



Sófaborð

**95.200**



Glerskápur

**111.750**



Glerskápur

**159.000**



Sjónvarpsskápur

**93.600**



Skenkur

**107.200**



Hornskápur

**108.000**



Sjónvarpsskápur

**126.480**



**169.600**

*Rafknúinn hægindstóll*
*Alklæddur í ekta leður*



**269.200**

*Rafknúinn hægindasófi*
*Alklæddur í ekta leður*



**159.200**

*Rafknúinn hægindstóll*
*Alklæddur í ekta leður*



**255.200**

*Rafknúinn hægindasófi*
*Alklæddur í ekta leður*

Bluedio
Amazing Life

*Bluetooth græjur*



**7.565**



**9.265**

*FM og SD spilari*



**12.155**



**12.665**



**16.830**

*SD spilari*

**www.husgagnabankinn.is**

# Norðurturninn í mál og vill bílastæðin

**Eignarhaldsfélaginu Smáralind og Kópavogsbæ hefur verið stefnt vegna áforma um íbúðahverfið 201 Smári. Framkvæmdastjóri Norðurturnsins segir gengið á rétt félagsins. Forstjóri Regins segir BYGG, stærsta eiganda turnsins, vera á bak við málaferlin.**



Hér má sjá teikningu af Smáralindinni, Norðurturninum og fyrirhuguðum framkvæmdum Klasa. 201 Smári er efst á myndinni fyrir miðju. MYND/JVANTSPIJKER

Norðurturninn hf. við Smáralind hefur stefnt verslunarmiðstöðinni og Kópavogsbæ og vill staðfestingu dómstóla á að kvaðir um samnýtingu bílastæða séu í gildi og að deiliskipulag sem heimilar uppbyggingu íbúðahverfisins 201 Smári verði ógilt. Framkvæmdastjóri Norðurturnsins segir framkvæmdirnar fyrirhuguðu rýra réttindi Norðurturnsins þar sem þær eigi eftir að fækka bílastæðum við suðvesturhorn Smáralindar. Forstjóri Regins, eiganda verslunarmiðstöðvarinnar, segir þær byggja á faglegri umfjöllun skipulagsyfirvalda og að stefnan komi ekki til með að hafa áhrif á framgang verkefnisins.

„Þeir vilja taka hluta af bílastæðum á suðvesturhorninu, um 600 stæði, sem færi undir byggð, án þess að hafa samráð við okkur, og þar með er gengið á rétt Norðurturnsins á grundvelli þeirra þinglýstu kvaða sem eru á lóðunum um gagnkvæma samnýtingu bílastæða,“ segir Ríkharð Ottó Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Norðurturnsins.

„Við höfum ekki miklar áhyggjur af þessu. Auðvitað er BYGG [Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.] sprautan á bak við þetta allt saman og að mínu mati ráða nátttröllsviðhorf ríkjum þarna,“ segir Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, í samtali við Markaðinn.

> **Þetta er lokatilraun þeirra til að trufla verkefnið.**
>
> Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins



### BYGG og ríkið stærst

Stjórnendur Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. líta svo á að viðskiptavinir og starfsfólk verslunarmiðstöðvarinnar megi nota öll bílastæði hennar, um þrjú þúsund. Leigutakar Norðurturnsins og viðskiptavinir þeirra eigi aftur á móti ekki rétt á sameiginlegum afnotum nema þegar kemur að bílastæðahúsinu sem byggt var við turninn.

„Þarna er um að ræða bílastæði sem eru inni á lóð Smáralindar og með því að taka þau í burtu er verið að auka þunga á bílastæði okkar því þau eru svokölluð „prime-stæði“ og eru fyrst og síðast hugsuð fyrir viðskiptavini eða starfsmenn leigutaka okkar í turninum. Með þessu er verið að rýra þau réttindi að okkar mati. Fyrst og síðast erum við þarna í viðurkenningarmáli og viljum að þinglýst skjöl séu virt. Við höfum andmælt deiliskipulaginu og sent það til úrskurðarnefndar um skipulagsmál en þar var ekki tekin afstaða til þessarar kröfu okkar og vísað á dómstóla. Það væri eðlilegast að þeir úrskurði um þetta. Þetta skiptir máli varðandi samskipti þessara tveggja lögaðila í framtíðinni,“ segir Ríkharð Ottó.

Hjúpur, dótturfélag BYGG, er stærsti eigandi Norðurturnsins með 28 prósenta hlut. Þar á eftir kemur íslenska ríkið sem tók við 26,8 prósentum sem hluta af stöðugleikaframlagi slitabús Glitnis. Íslandsbanki, sem er í eigu ríkisins, er einnig í hluthafahópnum og rekur höfuðstöðvar sínar í Norðurturninum. BYGG var aðalverktaki framkvæmdanna við turninn og var í eigendahópi Fasteignafélags Íslands sem hóf byggingu hans árið 2007. Félagið átti þá einnig Smáralindina en framkvæmdirnar stöðvuðust í nóvember 2008 og í kjölfarið var farið fram á greiðslustöðvun Fasteignafélags Íslands. Norðurturninn hf. var síðan stofnaður af kröfuhöfum og fjárfestum sem luku verkinu í fyrra.

### „Þeirra lokatilraun“

Íbúðahverfið 201 Smári á að rísa á um þriggja og hálfs hektara nær óbyggðu svæði sunnan við Smáralindina. Þar er gert ráð fyrir um 84 þúsund fermetrum af nýju húsnæði eða um 620 íbúðum auk atvinnuhúsnæðis. Fasteignafélagið Klasi, í eigu fjárfestanna Finns Reyrs Stefánssonar, Tómasar Kristjánssonar og Ingva Jónassonar, hefur síðustu ár unnið að þróun svæðisins í samstarfi við Regin og Kópavogsbæ sem á bílastæðin við heilsugæsluna Hvamm. Nýtt deiliskipulag svæðisins tók gildi í fyrra og stefnt er að því að uppbygging hefjist á þessu ári. Eignarhaldsfélagið Smáralind var í maí 2013 sýknað í Hæstarétti af kröfum þrotabús Norðurturnsins um greiðslu 1,3 milljarða króna sem byggðu á því að fyrrnefnda félagið hefði skuldbundið sig til að leggja til fjármuni til byggingar turnsins og þá bílastæðahúss hans.

„Þeir eru búnir að stefna okkur hægri vinstri síðustu fimm árin, það er Norðurturninn og eigendur hans. Við erum búin að vinna fyrri mál á öllum stigum en eitt þeirra snerist meðal annars um þátttöku í kostnaði við bílastæði turnsins. Okkar tilgangur með þessu verkefni, sem við erum einungis hluti af, er að bæta nýtingu á landinu og byggja þarna upp fjölbreyttar íbúðir og bæta bílastæðaaðkomu. Þetta er hluti af heildarsýn svæðisins þar sem horft er til skipulagsmála, umferðarmála og nýrrar nálgunar í samgöngumálum,“ segir Helgi.

„Við erum alls ekki að ganga á bílastæði. Eitt af okkar sterku tækifærum í Smáralind er fólgið í mörgum bílastæðum. Auðvitað lendir maður oft í því að slást við svona aðila sem eru að reyna að standa í vegi fyrir eðlilegri þróun í samfélaginu. Þeir hafa reynt að setja spýtu í tannhjólið hjá okkur og reynt að nota allar hugsanlegar aðferðir. Það hefur verið sett fyrir kærunefndir á öllum stigum og fengið eðlilega umfjöllun og verið vísað frá eða hafnað. Þetta er lokatilraun þeirra til að trufla verkefnið,“ segir forstjóri Regins.

**haraldur@frettabladid.is**



**Norðurturninn hf. við Smáralind hefur stefnt verslunarmiðstöðinni og Kópavogsbæ fyrir Héraðsdómi Reykjaness.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


450 FASTEIGNASALA

450 Fasteignasala ehf. kt. 620900-2490
Engjateigur 9, 105 Reykjavik - 450@450.is

**Fjölskyldufyrirtæki til sölu - einstakt tækifæri!**

Um er að ræða afar vel rekið fjölskyldufyrirtæki í eigin húsnæði á frábærum stað í Reykjavík.

Fyrirtækið selur eigin framleiðslu og vörur til fyrirtækja og einstaklinga. Fyrirtækið er með sterk viðskiptasambönd, eigin innflutning og góðar og stöðugar arðgreiðslur. Sömu eigendur frá upphafii hátt í tvo áratugi. Vaxandi velta og miklir vaxtamöguleikar.

Upplýsingar eingöngu veittar á skrifstofu að undangenginni undirskrift trúnaðaryfirlýsingar.

450@450.is | Erlendur Davíðsson löggiltur fasteignasali

**Tilboðsdagar í Verslun Guðsteins**

Valdar vörur með óheyrilega miklum afslætti

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918

Gerðu verðsamanburð og lækkaðu GSM reikninginn þinn með 365

365

# ENDALAUS GSM

365.is
Sími 1817

## Hvaða leið hentar þér?

### LEIÐ 1

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 0 GB gagnamagn

790kr.

### LEIÐ 2

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 1 GB gagnamagn

1.680kr.

### LEIÐ 3

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 5 GB gagnamagn

2.680kr.

### LEIÐ 4

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 30 GB gagnamagn*

3.490kr.

365.is | Sími 1817

365

*Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru boðnir ferðapakkar Evróski Draumurinn og Ameríski Draumurinn. 30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB.




Icelandair flutti alls 3,7 milljónir farþega í millilandaflugi 2016 og fjölgaði þeim um 20% frá fyrra ári. Þrátt fyrir að bréf félagsins hafi lækkað mikið á síðasta ári þá var rekstrarniðurstaða Icelandair sú næstbesta í 80 ára

# Fjárfestar skildir eftir í myrkrinu

**Bréf Icelandair lækkað um 30% á einni viku. Hluthafi segir að „tiltrú fjárfesta á félaginu sé lítil“ og að ný afkomuspá skilji eftir fleiri spurningar en svör. Breytingar á stjórninni taldar líklegar í ljósi nýjustu tíðinda. Aðgerðir eiga að skila 3,5 milljörðum í bættri afkomu.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Icelandair hefur verið skellt niður á jörðina. Fjárfestar, sjóðstjórar og verðbréfamiðlarar, sem Markaðurinn hefur rætt við, eru á einu máli um að það hafi orðið „meiriháttar trúnaðarbrestur,“ eins og einn viðmælandi lýsir því, á milli stjórnenda Icelandair og hluthafa fyrirtækisins. Þeir gefa lítið fyrir það sem þeir kalla „þunnar skýringar“ félagsins, þar sem meðal annars hefur verið vísað til þess að hægst hafi á bókunarinnflæði að undanförnu og óvissu vegna breytinga í alþjóðastjórnmálum, og gagnrýna að ekkert hafi komið fram hvernig eigi að ná fram hagræðingu í rekstri og auka tekjur félagsins.

„Tilkynning Icelandair kom markaðsaðilum í opna skjöldu,“ segir Daði Kristjánsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance, í samtali við Markaðinn um kolsvarta afkomuviðvörun sem félagið sendi frá sér rétt fyrir opnun markaða síðastliðinn miðvikudag. Samkvæmt henni mun EBITDA-hagnaður Icelandair – afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir – verða 140 til 150 milljónir Bandaríkjadala og dragast saman um 30 prósent 2017. Það er lækkun upp á 60 til 70 milljónir dala, eða jafnvirði rúmlega átta milljarða króna.

Eftir nánast linnulausa velgengni, þar sem bréf flugfélagsins meira en tífölduðust í verði 2010 til 2016 samhliða hagstæðum ytri aðstæðum og miklum uppgangi í ferðaþjónustu, hefur farið að síga á ógæfuhliðina hjá félaginu. Þrátt fyrir erfiðara rekstrarumhverfi áttu engu að síður fáir von á því hlutabréfaverð Icelandair Group myndi hrynja um 24 prósent á aðeins einum viðskiptadegi – og 27 milljarðar af markaðsvirði félagsins samtímis þurrkast út.

Daði bendir á að greinendur hafi, áður en Icelandair sendi frá sér afkomuviðvörunina, verið að spá því að EBITDA á núverandi ári yrði á bilinu 210 til 240 milljónir dala. „Það er því skiljanlegt að markaðurinn hafi brugðist harkalega við þessum fréttum.“

Þetta var í þriðja sinn á níu mánuðum sem flugfélagið lækkaði afkomuspá sína. Fjárfestar bíða þess nú með eftirvæntingu að sjá hvaða aðgerðir félagið ætlar að kynna til að snúa þessari þróun við og eins líta margir til þess hvort breytingar verði á stjórn Icelandair á aðalfundi sem verður haldinn 3. mars næstkomandi. Afar líklegt er talið að hluthafar, en lífeyrissjóðir eiga samanlagt meira en helmingshlut, muni vilja fá ný andlit inn í stjórn flugfélagsins.

### Tiltrú fjárfesta lítil

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fjárfestir og hluthafi í Icelandair, segir í samtali við Markaðinn að tilkynning félagsins til Kauphallarinnar hafi komið á óvart og valdið vonbrigðum. Fyrri yfirlýsingar stjórnenda, ásamt nýlegum tölum um farþegaflutninga, hafi ekki gefið til kynna að afkomuspá félagsins fyrir 2017 yrði lækkuð eins mikið og raun ber vitni.

„Eins og staðan er núna er ljóst að tiltrú fjárfesta á félaginu er lítil,“ segir Svanhildur Nanna, og bætir við: „Hin nýja afkomuspá skilur eftir fleiri spurningar en svör. Við hluthafar félagsins þurfum að öðlast meiri skilning á því hvað er að valda þessari lækkun – hvort um sé að ræða tímabundna aðlögun að óhagstæðu rekstrarumhverfi eða varanlegri breytingar sökum aukinnar samkeppni í flugi yfir Atlantshafið. Uppgjörsfundur félagsins [sem fer fram í dag, miðvikudag] verður því enn þýðingarmeiri en ella. Fjárfestar munu vilja fá ítarlegri útskýringar á stöðunni og svör um hvernig félagið hyggist bregðast við þessari stöðu. Stjórnendur ættu líklega að taka frá góðan tíma fyrir spurningar enda er það í þeirra valdi að auka trú fjárfesta á félaginu og fullvissa markaðinn um að þeir hafi stjórn á ferlinu og skýra áætlun um hvernig þeir ætli að takast á við breyttar aðstæður.“

### Lífeyrissjóðir stærstir

Icelandair er ekki eins og hvert annað félag á hinum íslenska hlutabréfamarkaði. Þrátt fyrir að það sé ekki lengur verðmætasta skráða fyrirtækið – Marel trónir þar á toppnum með markaðsvirði upp á meira en 200 milljarða – þá hefur það borið höfuð og herðar yfir önnur félög hvað varðar viðskipti með bréf þess í Kauphöllinni. Þannig námu viðskipti með bréf Icelandair Group 140 milljörðum í fyrra, eða sem nam 25 prósentum af heildarviðskiptum með hlutabréf á öllu árinu. Þá hefur hlutabréfamarkaðurinn oftar en ekki á undanförnum misserum og árum sveiflast eftir því hvernig gengi Icelandair hefur verið hverju sinni. Sumir viðmælendur Markaðarins á fjármála-

## Kvörtuðu undan skortsölu Kviku

Á fundum sem yfirstjórnendur hjá Icelandair Group áttu með ýmsum markaðsaðilum síðastliðið sumar, þegar gengi bréfa í félaginu var farið að gefa talsvert eftir, beindu þeir óánægju sinni í garð Kviku fjárfestingabanka sem þeir sökuðu um að vera að skortselja hlutabréf flugfélagsins.

Samkvæmt heimildarmönnum Markaðarins, sem áttu slíka fundi með stjórnendum Icelandair, hafði Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, tekið saman gögn sem áttu að sýna að markaðsviðskipti Kviku hafi verið langsamlega umsvifamest – með um og yfir 70 prósenta hlutdeild – á seljendahliðinni með bréf Icelandair yfir tiltekið tímabil.

**60% lækkun á verði bréfa Icelandair frá apríl 2016**

Lækkunarhrina hlutabréfa Icelandair hófst í lok apríl 2016 þegar fram kom í árshlutauppgjöri að EBITDA-afkomuspá félagsins fyrir það ár yrði lækkuð – um tíu milljónir dala – sem var þvert á væntingar fjárfesta á þeim tíma. Bréfin hafa stöðugt lækkað í verði frá þeim tíma og á rúmlega níu mánuðum nemur gengislækkunin samtals 60 prósentum.

**Eins og staðan er núna er ljóst að tiltrú fjárfesta á félaginu er lítil.**



Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, hluthafi í Icelandair

## Í frjálsu falli

Gengi hlutabréfa Icelandair



FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
8. FEBRÚAR 2017 MIÐVIKUDAGUR

# HELDUR LÍKAMANUM Í GÓÐU FORMI MEÐ BENECTA

**Vistor hf. kynnir** Benecta er íslenskt fæðubótarefni unnið úr rækjuskel, sem stuðlar að verndun vefja og uppbyggingu stoðkerfis. Valtýr Sigurðsson heldur sér í formi með Benecta sem fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og Perform.is

„Útivist og íþróttir hafa ávallt heillað mig. Hvort sem ég keppi við unga fólkið á fjallaskíðum eða geng á fjöll þá legg ég mig ávallt fram við að ná árangri," segir Valtýr Sigurðsson, fyrrverandi ríkissaksóknari.

„Langtímaálag og gömul bakmeiðsli voru farin að plaga minn 71 árs gamla líkama þegar ég uppgötvaði Benecta. Eftir tveggja vikna inntöku á fæðubótarefninu skynjaði ég mikla breytingu. Alla tíð síðan hefur mér tekist að halda líkamanum í góðu formi," segir Valtýr enn fremur.

**BENECTA**

„Benecta styður við náttúrulega viðgerðarferla í líkamanum og getur þannig aukið hreyfigetu," segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor hf.

„Benecta inniheldur kítínfásykrur, stuttar kítósankeðjur sem eru unnar úr rækjuskel. Sykrungarnir bindast próteinum í líkamanum og geta með því stuðlað að uppbyggingu vefja og aukið liðleika og hreyfigetu. Með daglegri inntöku má draga úr óþægindum í stoðkerfi og þannig auka úthald og orku. Jafnframt gæti Benecta hjálpað líkamanum við endurnýjun vefja (s.s. brjósks, sina og beina) og þannig stuðlað að heilbrigðu stoðkerfi."

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA**

Benecta er framleitt af íslenska líftæknifyrirtækinu Genís. Mikil þróunarvinna og áralangar rannsóknir liggja að baki vörunni sem byggir á sérhæfðri þekkingu tengdri framleiðslu á lyfjum og fæðubótarefnum unnum úr rækjuskel. Þróun Benecta hefur staðið yfir undanfarinn áratug í samstarfi við íslenska og erlenda vísindamenn.



Eftir tveggja vikna notkun á Benecta fann Valtýr Sigurðsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, mikinn mun á sér en hann stundar útivist af krafti.

## BENECTA

- Hjálpar til við að vinna gegn eymslum í líkamanum
- Styður við uppbyggingu vefja s.s. brjósks, sina og beina
- Hjálpar til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi
- Auðveldar hreyfigetu

**Skammtar:** 2 hylki á dag. Mælt er með því að taka Benecta á fastandi maga. Ekki skal taka meira en ráðlagðan dagskammt (2 hylki).

Benecta er ekki ætlað þunguðum konum eða einstaklingum með skelfiskofnæmi.




> Eftir tveggja vikna inntöku á fæðubótarefninu skynjaði ég mikla breytingu. Alla tíð síðan hefur mér tekist að halda líkamanum í góðu formi.
>
> Valtýr Sigurðsson

**NOTKUN BENECTA**

Benecta er ætlað fullorðnum, 18 ára og eldri.

**Benecta fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og Perform.is**

**Innihaldslýsing:** Hvert hylki inniheldur 300 mg af kítínfásykrum sem unnar eru úr rækjuskel. Engin aukaefni eru í Benecta.


## FERMINGABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Kemur út 28. febrúar. Í þessu blaði verður hægt að kaupa bæði auglýsingar sem og kynningar.

Blaðið verður fullt af hjálplegu efni tengdu fermingunni.

**Áhugasamir auglýsendur hafið samband við sérblaðadeild Fréttablaðsins**

**Sími 512 5402**

**serblod@365.is**





Leifur Gunnarsson (t.v.) kontrabassaleikari er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Jazz í hádeginu. Hann mun, ásamt hjónunum Vigni Þór Stefánssyni píanóleikara og Guðlaugu Dröfn Ólafsdóttur söngkonu flytja lög eftir franska kvikmyndatónskáldið og djasspíanistann Michel Legrand á föstudag og laugardag. Ókeypis verður inn á hvora tveggja tónleikana sem haldnir verða í Gerðubergi og í Spönginni. MYND/ANTON BRINK

MALTBIKARINN
Í KÖRFUBOLTA
UNDANÚRSLIT 2017
LAUGARDALSHÖLL
MIÐ. 8. FEB. KVENNA
KL. 17:00 KEFLAVÍK-HAUKAR
KL. 20:00 SKALLAGRÍMUR-SNÆFELL
FIM 9. FEB. KARLA
KL. 17:00 VALUR-KR
KL. 20:00 ÞÓR Þ.-GRINDAVÍK
MIÐASALA HJÁ FÉLÖGUNUM OG Á TIX.IS
ÖLGERÐIN
#MALTBIKARINN

# VELLÍÐAN OG RÓ

Franska tónskáldið **Michel Legrand** verður í aðalhlutverki á síðustu tónleikum tónleikaraðarinnar Jazz í hádeginu sem verða í lok vikunnar.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Borgarbókasafn býður upp á tvenna hádegistónleika næstkomandi föstudag og laugardag undir heitinu Jazz í hádeginu. Þar munu hjónin Vignir Þór Stefánsson píanóleikari og Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir söngkona flytja lög eftir franska kvikmyndatónskáldið og djasspíanistann Michel Legrand. Með þeim verður einnig Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari sem auk þess er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar. Fyrri tónleikarnir verða í menningarhúsinu í Gerðubergi og þeir síðari í menningarhúsinu í Spönginni í Grafarvogi.

Tónleikaröðin Jazz í hádeginu hófst haustið 2014 eða fljótlega eftir að Leifur kom heim úr framhaldsnámi í kontrabassaleik. „Ég fór þess á leit við forsvarsmenn Gerðubergs að setja af stað meiri djass í húsinu. Eitt af meginmarkmiðum þessarar tónleikaraðar er að færa menninguna í úthverfin eða nær hlustandanum. Fyrir tveimur árum varð endurskipulagning hjá Menningarmiðstöðinni og starfsemin færð undir hatt Borgarbókasafns. Þá skapaðist tækifæri til að fara með tónleika á fleiri staði, sem við höfum unnið að, enda er mikill samhljómur þar með markmiðum okkar. Viðtökurnar hafa verið góðar frá upphafi og fullt hús á öllum tónleikunum.“

## MJÖG AFKASTAMIKILL

Michel Legrand er margverðlaunaður og afkastamikill franskur djasspíanisti og tónskáld. Á löngum ferli sínum hefur hann hlotið tugi tilnefninga til Óskars-, Grammy- og Golden Globe verðlauna og m.a. unnið þrenn Óskarsverðlaun. Þótt flestir þekki Michel Legrand fyrir kvikmyndatónlist hans hefur hann einnig gefið út nokkrar plötur þar sem fjöldi heimsfrægra og áhrifamikilla djasstónlistarmanna léku með honum, m.a. Miles Davis og John Coltrane. „Legrand segir sjálfur „I put a great deal of faith in melody“, en það er þar sem ég held að hann sé sterkastur. Hann smíðar melódíur úr grípandi mótívum og endurtekur hendingar og frasa á skemmtilegan máta sem framkallar vellíðan og ró.“



Michel Legrand er margverðlaunaður og hefur m.a. unnið þrenn Óskarsverðlaun. MYND/GETTY NORDIC PHOTOS

Dagskrá tónleikanna er byggð á sönglögum úr smiðju Michel Legrand sem sum hver eru titillög þekktra kvikmynda. Þar á meðal verður fluttur fyrsti stóri smellur hans, „La Valse des Lilas“ eða „Once Upon a Summertime“ sem kom út fyrst árið 1950 og er í dag þekktur djassstandard. „Við skimuðum yfir feril Legrands og pikkuðum út það sem okkur fannst djass-vænlegast. Á tónleikunum munu sum laganna birtast í búningum sem eru talsvert frá upphaflegu útsetningunni en þó á þann máta að laglínan kemst alltaf vel til skila. Þetta verða síðustu tónleikarnir í þessari tónleikaröð í vetur. Þegar þeim er lokið leggst ég undir feld og kem svo með nýja dagskrá fyrir næsta haust.“

## KOMIÐ VÍÐA VIÐ

Hjónin Guðlaug og Vignir eiga sér langa tónlistarsögu. Þau stunduðu bæði nám við Konunglega tónlistarháskólann í Haag í Hollandi. Eftir heimkomuna hafa þau komið víða við í íslensku tónlistarlífi.

Guðlaug er söngkennari við Tónlistarskóla FÍH. Árið 2008 gaf hún út sólóplötuna Gentle Rain og árið 2010 gaf hún út geisladiskinn Skammdegisóður í samstarfi við gítarleikarann Ásgeir Ásgeirsson. Hún hefur einnig unnið við radd- og söngþjálfun hjá Leikfélagi Reykjavíkur við sýningar í Borgarleikhúsinu og við raddþjálfun keppenda í sjónvarpsþættinum The Voice.

Vignir hefur m.a. unnið mikið í leikhúsum og verið hljómborðsleikari í söngleikjunum Mary Poppins, Billy Elliott og Mamma Mia í Borgarleikhúsinu. Í dag er hann kennari við Tónlistarskóla FÍH þar sem hann kennir á djasspíanó og hljómborðsfræði.

**Nánari upplýsingar um tónleikana má finna á vef Borgarbókasafnsins, www.borgarbokasafn.is. Fyrri tónleikarnir eru á föstudaginn kl. 12.15 í Gerðubergi í Breiðholti. Seinni tónleikarnir eru á laugardaginn kl. 13.15 og verða haldnir í Spönginni í Grafarvogi. Ókeypis er inn á hvora tveggja tónleikana.**

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Húsaviðhald




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## Rafvirkjun

**DYRASÍMAR, LJÓS-NET. 777 4944**

Viðgerðir og endurnýjun. Rafeindameistarinn ehf

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## til leigu

**Til leigu**

Skrifstofuhúsnæði 343,4 m2 hæð á höfuðborgarsv. Gæti hentað t.d. tannlæknum, sálfræðingum eða annari starfsemi.

Nóg af gjaldfrjálsum bílastæðum. Sanngjörn leiga.

**Nánari upplýsingar í s. 898 4900**

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**LÆRÐU FLUGVIRKJUN!**

Nýr flugvirkjabekkur í haust. Innritun er hafin. Námið kennt hér á landi. Nánari upplýsingar á flugskóli.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Feðgar óska eftir 3+ herberg. íbúð helst í Breiðholti. Erum með smáhund. Nánari uppl í s.8682953/6901303

Hús óskast til leigu helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 250-350 þús á mán. Fyrirfram og/eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**NONNABITI**

Starfsmaður óskast í Reykjavík og Kópavog í hlutastarf/fullt starf. Reyklaus. Ath vaktarvinna.

**Sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á stöðunum.**

**FRÁBÆRT TÆKIFÆRI.**

Er að leita eftir sjálfstæðum og duglegum einstaklingi sem er tilbúinn í að starfa sjálfstætt með allan þann stuðning sem þarf til að skapa sér miklar árangurstengdar tekjur. Fyrirtækið er erlent og starfar í ferðaþjónustu út um allan heim. Ef þú hefur áhuga á að skoða um hvað málið snýst þá endilega sendu upplýsingar um nafn og símanúmer frelsi@simnet.is

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**

til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS

Starfsmannaþjónusta

**551 5000**

proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík

www.proventus.is




GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!



**NISSAN** Micra visia.

Verð: 1.190.000

Árgerð: 2014 : Bensín

Ekinn: 98þ.km. : 5 gírar

Rnr.262877.



**SUZUKI** Grand vitara

Verð: 2.690.000

Árgerð: 2014 : Dísel

Ekinn: 103þ.km. : 5 gírar

Rnr.302027.



**HYUNDAI** Ix35 premium high output

Verð: 3.990.000

Árgerð: 2015 : Dísel

Ekinn: 68þ.km. : Sjálfskiptur.

Rnr.106967.



**HYUNDAI** I20 classic

Verð: 1.990.000

Árgerð: 2017 : Bensín

Ekinn: 0þ.km. : 5 gírar

Rnr.130532



**DACIA** Duster 4x4

Verð: 1.500.000

Árgerð: 2013 : Dísel

Ekinn: 172þ.km. : 6 gírar

Rnr.270250



**FIAT** M100 kojur.

Verð: 2.690.000

Árgerð: 2004 : Dísel

Ekinn: 131þ.km. : 5 gírar

Rnr.301140

bill.is

Malarhöfða 2

Sími 5773777

www.bill.is

## Bandarískur vogunarsjóður seldi allt í janúar

**Á meðal hluthafa sem höfðu selt bréf sín í Icelandair áður en félagið sendi frá sér hina örlagaríku afkomuviðvörun 1. febrúar síðastliðinn var bandarískur vogunarsjóður. Samkvæmt lista yfir alla hluthafa í flugfélaginu, sem Markaðurinn hefur séð, fór vogunarsjóðurinn Taconic Capital af hluthafalista Icelandair í janúar. Sjóðurinn hafði áður átt, í gegnum félagið TCA sem er skráð með lögheimili í Lúxemborg, samanlagt um 11 milljónir hluta í Icelandair. Miðað við að bréf Icelandair voru allajafna að ganga kaupum og sölum á genginu 22 krónur á hlut í janúar má áætla að sjóðurinn hafi selt hlut sinn fyrir um 240 milljónir.**

**Vogunarsjóðurinn Taconic Capital á mikilla hagsmuna að gæta á Íslandi sem langsamlega stærsti einstaki hluthafi eignarhaldsfélagsins Kaupþings sem fer með 87 prósenta hlut í Arion banka. Þá var sjóðurinn í hópi erlendra fjárfesta sem keyptu samanlagt fyrir um 80 milljarða í íslenskum ríkisskuldabréfum á árunum 2015 og 2016 auk þess að hafa keypt í fleiri skráðum íslenskum félögum á síðustu misserum, meðal annars í smásölurisanum Högum.**

**Taconic Capital er ekki eini erlendi fjárfestirinn sem sýnt hefur Icelandair áhuga en tveir bandarískir fjárfestingasjóðir Eaton Vance Management – Global Macro Portfolio og Global Macro Absolute Return Advantage – hafa sömuleiðis fjárfest í félaginu. Þannig komst sjóðurinn Global Macro Portfolio um tíma í lok síðasta árs í hóp tuttugu stærstu hluthafa með tæplega eins prósents eignarhlut.**

**sögu félagsins.**

markaði nefna að með hliðsjón af þeirri miklu lækkun sem hefur orðið á hlutabréfaverði Icelandair þá séu líkur til þess að félagið muni ekki lengur spila sambærilegt hlutverk á markaði.

Ekki er langt síðan að stór viðskipti voru með bréf í Icelandair þegar hópur fjárfesta keypti fyrir samanlagt um 1,5 milljarða í félaginu 20. janúar síðastliðinn. Það voru markaðsviðskipti Landsbankans sem höfðu umsjón með þeim viðskiptum en á meðal kaupenda, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, voru Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Frjálsi lífeyrissjóðurinn og tryggingafélag. Gengi bréfa Icelandair hækkaði um rúmlega þrjú prósent í viðskiptum þann dag og stóð í 22,65 krónum á hlut við lokun markaða. Þau viðskipti þóttu til marks um, að sögn sumra viðmælenda Markaðarins, að mögulega væri hið versta að baki hjá félaginu. Svo reyndist ekki vera.

Hjá stærstu hluthöfum Icelandair, lífeyrissjóðunum, hefur hin mikla lækkun á hlutabréfaverði félagsins – það hefur fallið í verði um 60 prósent frá því í lok apríl 2016 – rýrt verulega bókfært virði bréfa þeirra í félaginu. Þannig hefur markaðsverðmæti Icelandair minnkað um 118 milljarða frá því að hlutabréfaverð félagsins var í hæstu hæðum. Lífeyrissjóður verslunarmanna, sem stærsti einstaki hluthafi Icelandair með 14,7 prósenta hlut, hefur á þessum tíma þurft að horfa upp á eign sína lækka að markaðsvirði um meira en 17 milljarða. Þegar gengi bréfanna stóð hvað hæst nam virði hlutarins um 27 milljörðum, sem jafngilti nærri fimm prósentum af heildareignum sjóðsins.

Daði nefnir sérstaklega að gengi hlutabréfa Icelandair á markaði hefur lækkað á hverjum einasta degi – samtals um 30 prósent – frá því að „tilkynningin örlagaríka var birt fyrir viku. Það virðist fyrst og fremst vera vegna þess að markaðsaðilar telja að þær upplýsingar sem komu fram í tilkynningunni hafi ekki útskýrt nægilega vel hvernig félagið ætlar að bregðast við þessari erfiðu stöðu. Mikilvægt er að stjórnendur Icelandair leggi fram ítarlega og trúverðuga áætlun um hvernig það verði gert á uppgjörsfundi á miðvikudagsmorgun [í dag].“

Icelandair, líkt og mörg önnur flugfélög, hefur þurft að mæta vaxandi samkeppni með því að lækka fargjöld en útlit er fyrir að vel á þriðja tug flugfélaga muni fljúga til og frá Keflavíkurflugvelli næsta sumar. „Þetta aukna framboð,“ útskýrir Daði, „hefur haft í för með sér lægri meðalfargjöld en Icelandair gerði ráð fyrir. Þrátt fyrir erfiðar horfur til skemmri tíma virðist Icelandair ekki ætla að draga saman seglin og minnka framboð á næstunni þar sem félagið metur langtímahorfur góðar. Það má því leiða líkur að því að félagið búist við að önnur flugfélög muni draga úr framboði sínu hingað til lands á næsta ári. Erfitt er samt að spá um hvort það verði raunin.“

### Horft til SAS?

Í uppfærðu verðmati á Icelandair, sem hagfræðideild Landsbankans sendi frá sér síðastliðið miðvikudagskvöld, kom meðal annars fram að „eins og staðan er í dag lítur út fyrir að Icelandair sé að selja lággjaldafargjöld með kostnaðarstrúktúr hefðbundins (e. full service) flugfélags“. Í verðmatinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, segir einnig að hinar nýju væntanlegu vélar Icelandair, en þær fyrstu verða afhentar á næsta ári, hafi aldrei verið mikilvægari. „Á sama tíma og flugfargjöld eru lág og olíuverð á uppleið þá er ljóst að sparneytnar vélar skipta verulegu máli.“

**Mikilvægt er að stjórnendur Icelandair leggi fram ítarlega og trúverðuga áætlun.**



Daði Kristjánsson í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance

Á meðan tekjur Icelandair eru að langstærstum hluta í erlendum gjaldeyri eru um 30 prósent af kostnaði félagsins í íslenskum krónum. Gengisstyrking krónunnar, sem flestir búast við að muni halda áfram á næstu misserum, hefur því neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Þá hefur greining Capacent bent á aukinn launakostnað sem hlutfall af veltu, sem gæti orðið um 27 prósent á árinu, sem veigamikla ástæðu þess að EBITDA-hagnaður félagsins fer lækkandi.

Daði segir það alveg ljóst að hluthafar Icelandair muni krefjast skýrari svara um hvernig eigi að ná niður kostnaði samhliða aukinni samkeppni frá lággjaldaflugfélögum. „Forstjóri félagsins hefur sagt í fjölmiðlum að verið sé að íhuga að taka upp töskugjöld og að gera félagið sýnilegra á bókunarvélum en líklega þarf meira til en það.“

Að mati Daða mun Icelandair vafalaust skoða frekari leiðir til hagræðingar. „Það verður áhugavert að sjá hvort félagið muni í þeim efnum horfa til nýlegra aðgerða skandinavíska flugfélagsins SAS sem ætlar að opna starfsstöðvar í London og á Spáni, með flugrekstrarleyfi frá Írlandi. SAS hefur einnig fundið harkalega fyrir aukinni samkeppni undanfarið og hefur hlutabréfaverð félagsins lækkað um ríflega 40% á einu ári. Þessi aðgerð var leið SAS til þess að bregðast við erfiðu umhverfi og miðar hún meðal annars að því að ná niður launakostnaði með því að ráða ódýrari starfsmenn en hægt er að gera í Skandinavíu. Þetta er vitaskuld ekki óumdeild aðgerð þar sem störf í heimalöndunum geta tapast en hún var engu að síður samþykkt af stjórn SAS þrátt fyrir að vera í tæplega helmingseigu danska, norska og sænska ríkisins.“

### Íhugar stjórnarframboð

Í samtölum við stærstu hluthafa vilja þeir ekkert gefa upp um hvort þeir séu farnir ráða ráðum sínum varðandi mögulega uppstokkun á stjórn félagsins. Hins vegar, eins og einn hluthafi segir við Markaðinn, þá „ætti það ekki að koma neinum á óvart ef það yrðu breytingar á stjórninni í ljósi þess sem á undan hefur gengið“.

Svanhildur Nanna, sem er á meðal stærstu hluthafa, ásamt eiginmanni sínum, Guðmundi Erni Þórðarsyni, í tryggingafélaginu VÍS og Kviku fjárfestingabanka bauð sig fram í stjórn Icelandair á aðalfundi flugfélagsins í mars í fyrra en hlaut ekki brautagengi.

Aðspurð segir Svanhildur Nanna að það komi vissulega til greina að bjóða sig fram á ný í stjórn Icelandair, en aðalfundur verður 3. mars næstkomandi, sjái hún fram á að hluthafar séu tilbúnir í breytingar á stjórn félagsins. Svanhildur segist löngum hafa verið þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að jafnvægi ríki milli svonefndra óháðra stjórnarmanna og stjórnarmanna sem hafa beina hagsmuni af árangri félaganna. „Það skortir nokkuð á það jafnvægi í stjórn Icelandair eins og sakir standa,“ segir hún. Þau hjónin hafa minnkað lítillega hlut sinn í félaginu að undanförnu en fjárfestingafélag þeirra á í dag um 15 milljónir hluta. Miðað við gengi bréfa í Icelandair er sá hlutur metinn á um 230 milljónir en engir einkafjárfestar eru á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa í félaginu.

## EBITDA minnkaði um 90% á síðasta fjórðungi

Aðgerðir sem stjórnendur Icelandair Group hyggjast ráðast í, bæði á tekju- og gjaldahlið félagsins, eiga að skila bættri afkomu að fjárhæð 30 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 3,5 milljarða íslenskra króna, þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda í ársbyrjun 2018.

Þetta er haft eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair Group, í tilkynningu til Kauphallarinnar í gærkvöldi. Samkvæmt uppgjöri félagsins nam EBITDA á síðasta ársfjórðungi 2016 samtals 2,5 milljónum dala borið saman við 22,9 milljónir dala á sama tíma árið áður. Hagnaður Icelandair eftir skatta á öllu síðasta ári var 89,1 milljón dala og minnkaði um tæplega 22 milljónir dala á milli ára.

Björgólfur segir að að undanförnu hafi orðið „breyting í bókunarflæði Icelandair til hins verra. Bókanir eru hægari en gert var ráð fyrir og meðalfargjöld á mörkuðum hafa lækkað umfram spár. Á síðustu dögum hafa komið fram upplýsingar um að þetta sé þróun sem almennt á sér stað á alþjóða flugmarkaði.“

**30 milljónir dala er sú fjárhæð sem aðgerðir Icelandair eiga að skila í bættri afkomu**

Þá segir Björgólfur að gripið hafi verið til aðgerða til að mæta þessum breyttu aðstæðum. „Meðal aðgerða eru breytingar á uppbyggingu á fargjöldum og vöruframboði. Þessar breytingar, sem unnið hefur verið að frá því í haust, eru til að mæta aukinni samkeppni, breyttum aðstæðum á mörkuðum fyrirtækisins og breytingum á neysluvenjum flugfarþega. Markmið breytinganna er að ná til nýrra viðskiptavina, auka sýnileika félagsins í leitarvélum gagnvart tilteknum markhópum og breikka tekjugrunn félagsins. Frá síðastliðnu hausti hefur enn fremur verið hert verulega á kostnaðaraðhaldi innan félagsins.“








VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is




Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS




Almar Guðmundsson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins MYND/STEFÁN

# Spilar fótbolta og ætlar á skíði í vetrarfríinu

## Svipmynd

Almar Guðmundsson

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, eyðir frítíma sínum með fjölskyldu og vinum og í að horfa á fótbolta. Hann er stúdent frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, lauk BS-prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands og MBA frá London Business School 2005. Almar var áður framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, frá 2009 til 2014, og hefur að auki sinnt kennslu við Háskólann í Reykjavík. Eiginkona hans er Guðrún Zoëga hjúkrunarfræðingur og saman eiga þau fimm börn á aldrinum fjögurra ára til tvítugs.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Donald Trump. Ég átti von á afgerandi breytingum þegar hann tæki við, en hann hefur því miður gengið mun harðar fram. Við erum líklega að sigla inn í tímabil þar sem alþjóðaviðskiptasamningar og opin viðskipti milli landa eiga undir högg að sækja. Það er slæmt fyrir litla þjóð.

*Hvaða app notarðu mest?* Samkvæmt símanum mínum er það Facebook. Ég er hins vegar mjög lukkulegur þegar Strava er í mikilli notkun og því fylgir líka hlustun á tónlist eða þætti í gegnum Podcast Addict. Leggja.is léttir mér síðan lífið í vinnutengdum snúningum.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Mestur tíminn fer í ýmiss konar samveru með fjölskyldu og vinum. Við ferðumst bæði innanlands og utan. Við höfum til dæmis mjög gaman af því að fara á skíði og ætlum til Akureyrar í vetrarfríinu. Þá eyði ég miklum tíma í að horfa á fótbolta, sérstaklega á sumrin.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Ég spila fótbolta 1-2 sinnum í viku yfir vetrartímann í góðra vina hópi. Ég stunda líka útihlaup en þarf að gefa þeim meiri tíma í dagskránni. Svo hef ég fengist við að elta nokkur börn í gegnum árin. Ætli það sé ekki besta ræktin.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Ég er heppinn að vera í mjög fjölbreyttu og krefjandi starfi hjá SI og starfa með öflugum hópi starfsmanna. Það á vel við mig að byggja upp liðsheild og straumlínulaga fjölbreytt starf samtakanna. Ég finn mig líka vel í því að tala fyrir fjölbreyttum iðnaði sem skapar mikil verðmæti og er dýrmætur hluti af samfélaginu.

# Um 900 fasteignir hér skráðar í íbúðaskipti

**Forstjóri Homeexchange.com vill fjölga íslenskum íbúðum sem eru á skrá bandaríska fyrirtækisins. Ísland í hópi fimmtán eftirsóttustu viðkomustaða þeirra sem skráðir eru á vefsíðunni. Tengir aukna eftirspurn við ferðir WOW air.**

„Íslendingar eru miðað við höfðatölu okkar fjölmennasti meðlimahópur og eftirspurn eftir íbúðaskiptum hér á landi hefur aukist mikið,“ segir Jim Pickell, forstjóri bandarísku íbúðaskiptasíðunnar Homeexchange.com.

Pickell kom hingað til lands í gær en fyrirtæki hans, sem er með höfuðstöðvar í Kaliforníu, gefur viðskiptavinum sínum kost á að skiptast á húsnæði endurgjaldslaust. Forstjórinn og aðrir starfsmenn síðunnar ætla að halda kynningarfund í Salnum í Kópavogi síðar í mánuðinum. Markmiðið með honum er að vekja athygli á fyrirtækinu og fjölga skráðum um eignum hér á landi sem hægt verði að skipta fyrir íbúðir erlendis.

„Við ætlum að hitta fólk, funda með Ferðamálastofu og halda þennan kynningarfund. Síðustu ár hefur margt bent okkur í áttina að Íslandi. Samkvæmt þeim nýjustu tölum sem ég hef voru um 840 íbúðir skráðar hér á landi um síðustu áramót og það kæmi mér ekki á óvart ef talan væri núna nær 950. Eftirspurnin er mikil og svo mikil að Ísland er í hópi fimmtán eftirsóttustu viðskomustaða erlendra ferðamanna sem skráðir eru á síðunni,“ segir Pickell og bætir við að alls um 66 þúsund eignir séu skráðar á heimsvísu.

Pickell tók við starfi forstjóra Homeexchange.com árið 2012 og skömmu síðar runnu þrjú önnur fyrirtæki í tengdum rekstri inn í félagið. Var hann áður aðstoðarforstjóri Sony Connect. Spurður hvernig hann útskýri þessa auknu eftirspurn eftir íbúðum hér á landi svarar Pickell að hana megi að miklu leyti rekja til ferða WOW air til og frá Bandaríkjunum.

„Hér í Kaliforníu sem og annars staðar eru margir að tala um ferðir WOW air og að mínu mati hefur tilkoma þess hér haft mikil áhrif á okkar fyrirtæki og áhugann á Íslandi þegar kemur að íbúðaskiptum. Allavega þegar um er að ræða viðskiptavini okkar frá Bandaríkjunum en ég þekki ekki aðrar ferðir flugfélagsins,“ segir Pickell.

Íslenskir viðskiptavinir Homeexchange.com leita að sögn forstjórans að jafnaði eftir íbúðum í Frakklandi, á Spáni, í Bandaríkjunum og á Ítalíu en einnig hér innanlands. Pickell segist meðvitaður um miklar vinsældir Airbnb hér á landi og þakkar fyrirtækinu fyrir að hafa rutt brautina varðandi gistiaðstöðu í deilihagkerfinu.

„Sérstaða okkar er aftur á móti sú að peningar skipta ekki um hendur þegar fólk skiptir á íbúðum. Þegar þú leigir bíl af stórfyrirtæki þá finnurðu kannski ekki alltaf þörf fyrir að skila honum tandurhreinum eftir notkun. En það er eitthvað sem gerist þegar peningar eru teknir út úr dæminu. Þegar þú færð lánaðan bíl frá kunningja er aftur á móti mun líklegra að þú skilir honum tandurhreinum og í fullkomnu ástandi. Svo erum við á öðrum markaði en Airbnb. Við erum að keppa við skiptinema á meðan þeir keppa við hótel og frístundahús.“ haraldur@frettabladid.is



Forstjóri Homeexchange.com er meðvitaður um miklar vinsældir Airbnb hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hér í Kaliforníu sem og annars staðar eru margir að tala um ferðir WOW air.**

Jim Pickell, forstjóri Homeexchange.com



# Kæri Lars



**Agnar Tómas Möller, sjóðstjóri hjá GAMMA**

Í grein sem þú skrifaðir í Markaðinn í Fréttablaðinu þann 25. janúar síðastliðinn fjallar þú um ástæður þess að ekki sé skynsamlegt að Seðlabanki Íslands slaki á peningalegu aðhaldi sínu, nema síður sé. Þar segir þú meðal annars:

*„Að mínu áliti eru peningamarkaðsskilyrði á Íslandi nú þegar of lausbeisluð og þrátt fyrir gríðarlegan þrýsting á Seðlabankann að lækka stýrivexti er ekkert svigrúm til að losa um peningamálstefnuna ef Seðlabankanum er alvara með að tryggja 2,5% verðbólgumarkmið sitt til meðallangs tíma.“*

Einnig hjó ég eftir því í grein þinni frá 26. desember síðastliðnum, að þú sagðir að meginástæða þess að ekki mætti slaka á hörðu aðhaldi Seðlabankans væri sú að þrátt fyrir mjög lága verðbólgu um þó nokkurt skeið, væru verðbólguvæntingar enn háar, eða:

*„Raunar eru verðbólguvæntingar til meðallangs tíma áfram hærri og ef við lítum lengra en 2-3 ár fram í tímann þá <u>vænta fjármálamarkaðirnir þess að verðbólgan verði vel yfir verðbólgumarkmiðinu.</u> En það virðist erfitt fyrir Seðlabankann að útskýra þetta fyrir þeim hópum sem krefjast stýrivaxtalækkunar.“*

Nú er það svo að Seðlabankinn hefur fært okkur raunvaxtastig undanfarin þrjú ár sem er svo hátt að þess eru varla fordæmi meðal þjóða í svipaðri aðstöðu og við. Á sama tíma hafa verðbólguvæntingar aldrei verið jafn lágar og stöðugar í jafn langan tíma. Nánar tiltekið hafa verðbólguvæntingar fjármálamarkaðarins til næstu fimm ára verið mjög lágar og stöðugar undanfarin misseri eða rétt yfir 2% og umtalsvert lægri ef dregin er frá áhættuþóknun sem skuldabréfaeigendur vilja jafnan fá fyrir að halda á óverðtryggðum skuldabréfum í stað verðtryggðra (Seðlabankinn hefur sjálfur metið þá áhættuþóknun sem 0,5% á ári).

Verðbólga er í dag 1,9% og -0,9% án húsnæðisliðar. Ólíkt þensluárunum fyrir hrun er hækkun húsnæðisverðs ekki drifin áfram af lánsfjárbólu heldur miklum framboðsskorti af húsnæði samhliða gríðarlegri aukningu ferðamanna sem þurrkar upp framboð af húsnæði í Reykjavík. Með öðrum orðum er undirliggjandi verðbólga undir frostmarki.

Útlán til heimila og fyrirtækja halda áfram að dragast saman sem hlutfall af landsframleiðslu og hefur einkaneysla sjaldan ef nokkru sinni verið lægri, eða rúmlega 50% af landsframleiðslu, langt undir því sem þekkist í Norður-Evrópu og Bandaríkjunum. Það sem margir kalla „þenslu“ ætti frekar að kalla „velmegun“ vegna innreiðar nýrrar atvinnugreinar samhliða miklum viðskiptakjarabata og góðrar niðurstöðu í samningum við kröfuhafa föllnu bankanna.

Ákvörðun vaxta hefur líklega sjaldan verið jafn mikilvæg og nú þegar við siglum inn í jafnvægi sem við vitum í raun ekki hvar liggur vegna breyttrar samsetningar hagkerfisins. Þrátt fyrir mikla gengisstyrkingu á seinasta ári og ótrúlega forðasöfnun Seðlabankans, bendir flest til þess að viðskiptaafgangur muni ekki byrja að dragast saman í bráð þar sem þjónustuafgangur vex hraðar en vöruskiptahallinn og mikill vaxtamunur hefur ýtt undir gríðarlegt fjármagnsinnflæði, líkt og sést í tölum Seðlabankans á þriðja ársfjórðungi seinasta árs. Raunvaxtamunur við Evrópu er í dag um 5% og þarf að minnka en ekki aukast, á sama tíma og við afléttum gjaldeyrishöftum að fullu. Annars er hættan sú að nýtt jafnvægi krónunnar og hagkerfisins verði óstöðugt og brotni vegna ofriss krónunnar sökum of hárra vaxta. Blessunarlega virðist hluti peningastefnunefndar smám saman vera að átta sig á þessari þróun og vonandi mun hún ekki láta úrtölumenn hafa áhrif á sig horft fram á veginn.




FRÉTTABLAÐIÐ

# HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT
# Í FRÉTTABLAÐINU

Um 55% íbúa á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*
Rúmlega 85.000 manns á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*




Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

Kannaðu dreifileiðir í síma 5125448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Heimild: *Skv. Blaðakönnun Gallup, okt.-des. 2016.

# Skotsilfur

## Keypti í Solid Clouds



**Jakob Ásmundsson**, fyrrverandi forstjóri Straums fjárfestingarbanka, hefur keypt sig inn í tölvuleikjaframleiðandann Solid Clouds á Eiðistorgi og settist hann í stjórn félagsins síðasta sumar. Þar voru fyrir menn á borð við Sigurð Arnljótsson, fjárfestingastjóra hjá SA Framtaki GP ehf., og Friðrik Skúlason, stofnanda hugbúnaðarfyrirtækisins Frisk Software. Solid Clouds er oft kallað litla CCP en fyrirtækið vinnur að þróun tölvuleiksins Starborne.

## Aftur inn í Magasin



Athygli vakti þegar tilkynnt var í síðustu viku að veitingastaðurinn Gló yrði opnaður í Magasin Du Nord í Kaupmannahöfn. Danska stórverslunin var mjög áberandi á síðum íslenskra blaðanna á árunum fyrir hrun eftir að íslenskir fjárfestar, þar á meðal **Birgir Þór Bieltvedt**, keyptu 87 prósenta hlut í henni árið 2004. Straumur leysti 25 prósenta hlut B2B Holding ehf., fjárfestingarfélags Birgis, í Magasin til sín í hruninu. Birgir, sem er búsettur í Danmörku, er hluthafi í Gló og getur því fljótlega aftur haft áhrif á hvað er á boðstólum í Magasíninu.

## Einar Pálmi til Virðingar



**Einar Pálmi Sigmundsson** tók til starfa hjá verðbréfafyrirtækinu Virðingu í byrjun þessa árs sem fjárfestingastjóri á framtakssjóðasviði félagsins. Einar Pálmi á að baki meira en tuttugu ára reynslu á fjármálamarkaði, síðast sem forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar HF Verðbréfa. Hann þurfti hins vegar að láta af því starfi í tengslum við ákæru sem hann hlaut í hinu svonefnda markaðsnotkunarmáli Kaupþings en Einar Pálmi hafði verið forstöðumaður eigin viðskipta bankans. Einar Pálmi hlaut tveggja ára dóm, samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar, en hann var hins vegar skilorðsbundinn.

# Biksvört niðurstaða hjá Statoil




Eldar Saetre, forstjóri Statoil, yfirgefur hér uppgjörsfund norska olíurisans þar sem tilkynnt var um 1,9 milljarða dollara tap hans á fjórða ársfjórðungi 2016. Fyrirtækið hafði reiknað með 2,1 milljarðs dollara hagnaði en þurfti að bókfæra 2,3 milljarða dala virðisrýrnun á olíu- og gaslindum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Gjaldmiðilsglópska Trump-stjórnarinnar



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Donald Trump hefur gert það að sérgrein sinni að úthúða öðrum ríkjum. Reyndar lítur út fyrir að hann ráðist sérstaklega á mikilvægustu viðskiptalönd Bandaríkjanna, Mexíkó og Kína.

Nýjasti fíflaskapurinn frá Trump-stjórninni kemur frá yfirmanni hins nýstofnaða viðskiptaráðs Bandaríkjanna (National Trade Council), Peter Navarro, sem í síðustu viku sakaði, í viðtali við Financial Times, Þjóðverja um „gengisfölsun“.

Navarro sakaði Þjóðverja um að nota „allt of lágt skráða“ evru til að arðræna Bandaríkin og evrópska félaga sína. Ég verð að segja að mér finnst ummæli Navarros algerlega fáránleg og fávísleg. Ég ber litla virðingu fyrir þessari „greiningu“ í anda kaupauðgistefnunnar. Adam Smith kenndi okkur árið 1776 að við ættum ekki að dæma auðlegð þjóðanna eftir stærð afgangs á vöruskiptajöfnuði. Navarro hefur greinilega aldrei lesið Auðlegð þjóðanna eða skilið hugmyndir Davids Ricardo um hlutfallslega yfirburði.

### Eykur kaupmátt

Viðskipti eru ekki jafnvirðisleikur. Viðskipti eru ávinningsleikur þar sem báðir aðilar viðskiptanna hagnast – annars myndu viðskiptin ekki eiga sér stað. Frjáls viðskipti gera okkur öll ríkari.

Þar að auki tekur það ekkert frá öðrum þjóðum að vera með of lágt skráð gengi. Raunar þýðir of lágt gengi að maður selur öðrum þjóðum vörur sínar á of lágu verði, sem þýðir að maður er í raun að niðurgreiða fyrir neytendur annarra þjóða.

Þannig að ef þýskir bílar eru 20% „of ódýrir“ vegna þess að „þýska evran“ er of lágt skráð þá þýðir það að Bandaríkjamenn geta sparað 20% á bílum með því að flytja þá inn frá Þýskalandi, sem í raun eykur kaupmátt þeirra. Þessi aukni kaupmáttur gerir Bandaríkjunum neytendum kleift að kaupa meira af öðrum vörum, til dæmis bandaríska Big Mac-hamborgara eða bækur frá Amazon.

### Nota evruna

Auk þess er frekar furðulegt að tala um að Þjóðverjar „falsi gengið“ þar sem Þýskaland er ekki með sinn eigin gjaldmiðil – Þýskaland er meðlimur í evrusvæðinu. Að tala um að Þýskaland falsi gengið er álíka skilmerkilegt og að segja að Texas falsi gengið. Auk þess er evran fljótandi gjaldmiðill, nákvæmlega eins og bandaríski dollarinn. Þannig að ef Þýskaland falsar gengið þá gera Bandaríkin það líka. Loks má geta þess að hinn þýski Bundesbank og helstu stjórnvöld í Þýskalandi hafa verið mjög gagnrýnin á peningamálastefnu Seðlabanka Evrópu síðustu tvö árin svo ef eitthvað er þá hafa Þjóðverjar þrýst á sterkari evru! Peter Navarro gæti með réttu gagnrýnt Þjóðverja fyrir það, en það myndi auðvitað ganga þvert gegn „röksemdafærslu“ hans.

Rökrétt niðurstaða af hugmyndum Peters Navarro myndi þýða að Bandaríkin ættu að neyða helstu viðskiptalönd sín, Mexíkó, Kína, Evrópu og Kanada, til að taka upp verulega herta peningamálastefnu til að hækka gengi sitt gagnvart dollarnum. Afleiðingin yrði sennilega endurkoma evrukrísunnar og sennilega einnig fjármálakreppa í Kína og samdráttur á alheimsvísu. Vonandi stöðvar einhver þessa vitleysu sem fyrst.

# Hvar á að halda Ólympíuleikana?



**Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB**

Róm, Boston og Hamborg hafa dregið til baka umsóknir sínar um að halda Ólympíuleikana árið 2024. Ósló, Stokkhólmur, Kraká og Lviv drógu til baka umsóknir sínar um að halda Vetrarleikana 2022 og íbúar St. Moritz og München höfnuðu umsókn í atkvæðagreiðslu. Ástæðan er fyrst og fremst sú að það borgar sig ekki að halda Ólympíuleika og almenningur er loksins farinn að átta sig á því.

### Meiriháttar breytingar fram undan

Auðvitað er gaman að hýsa stórmót. Það er mjög skiljanlegt að stjórnmálamenn og forsvarsmenn íþróttahreyfinga hafi áhuga á allri athyglinni og glimmerinu sem fylgir stórmóti en á undanförnum misserum hafa þeir þurft að hugsa sinn gang vegna þrýstings frá íbúum. Þeir komast ekki lengur upp með taumlaus fjárútlát því pólitíski kostnaðurinn er líka orðinn of mikill.

Frá árinu 1960 hefur engri þjóð tekist að halda Ólympíuleika án þess að fara fram úr fjárhagsáætlun. Framúrkeyrslan hefur verið að meðaltali yfir 150% og ónýtt mannvirki, að Ólympíuleikum loknum, molna niður út um allan heim enda í mörgum tilfellum erfitt að finna not fyrir þau. Þetta vita allir sem hýsa næstu leika en samt gerist þetta trekk í trekk og enginn virðist læra af sögunni. Kannski er það eðlilegt þar sem þessi gríðarlega framkvæmd er annað hvert ár sett í hendurnar á fólki sem hefur litla sem enga reynslu af því að hýsa Ólympíuleika. Spurningin er því hvort það sé ekki kominn tími til að gefast upp á núverandi fyrirkomulagi og prófa eitthvað annað?

### Los Angeles eða Aþena til framtíðar?

Alþjóða Ólympíunefndin áttar sig á stöðunni og auðvitað er vandræðalegt að horfa upp á meirihluta umsóknaraðila draga sínar umsóknir til baka. Þar á bæ er talað um mikilvægi þess að ná tökum á kostnaði við leikana og sýna skynsemi en af fenginni reynslu ætti að taka öllu slíku tali með fyrirvara.

Sú hugmynd hefur skotið upp kollinum að skynsamlegast væri að finna sumarleikunum varanlegt heimili. Mannvirkin væru þá notuð oftar en einu sinni og leikarnir fengju jafnvel alþjóðlegri blæ. Los Angeles kemur sterklega til greina sem heimili leikanna 2024 sem gætu verið haldnir þar framvegis en vel má færa rök fyrir að Aþena sé hið eina sanna heimili Ólympíuleikanna.

Stóra spurningin er hins vegar sú hvort vegur þyngra að ný þjóð fái að halda risaveislu á fjögurra ára fresti eða halda leikana alltaf á sama staðnum og gera það skynsamlega.


Illska
„Þetta er að öllum líkindum ein mikilvægasta sýning leikhúsanna í nokkurn tíma og listamönnunum til mikils sóma."
B.L. - DV
ATBURÐIR SEM MEGA EKKI GLEYMAST!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Miðasala | borgarleikhus.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 1. febrúar 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Flogið að feigðarósi

**Hlutabréf í Icelandair** hafa haldið áfram að falla í Kauphöllinni í vikunni eftir einn svartasta dag í sögu félagsins. Bréf Icelandair hafa tapað ríflega 60% af virði sínu frá því síðasta vor.

**Ljóst er af** afkomuviðvöruninni sem birt var í síðustu viku að félagið hefur sofið á verðinum í samkeppni við innlenda og erlenda keppinauta.

**Sú tíð er** liðin að eina raunhæfa samkeppnin séu íslensk fjársoltin flugfélög rekin áfram meira af draumum en rekstrarfé. Nú er það ekki bara Wow undir stjórn Skúla Mogensen sem sækir á með sinn nýja flugvélaflota, æ víðfeðmara leiðanet og sístækkandi viðskiptavinahóp, heldur alþjóðlegu flugfélögin líka. Nú virðist sem þrjátíu flugfélög ætli að fljúga til og frá Íslandi á komandi sumri.

**Þetta mikla** framboð og virka samkeppni lætur Icelandair líta fremur illa út. Flugfargjöld lækka með harðnandi samkeppni en Icelandair er með of mikinn fastakostnað til að bera sig þegar tekjur fara þverrandi. Flugvélafloti félagsins er líka kominn til ára sinna, með tilheyrandi hávaða og óþægindum fyrir farþega. Icelandair er fast í einskismannslandi. Það er hvorki fínt flugfélag, né ódýrt.

**Stjórnendur félagsins** virðast líka hafa sofið á verðinum, enda kannski ekki við öðru að búast miðað við samsetningu hluthafahóps sem samanstendur meira og minna af lífeyrissjóðum. Það er enginn raunverulegur eigandi til að skammast í mannskapnum þegar syrtir í álinn.

**Spurningin er** því hvort Icelandair standi nokkuð annað til boða en að taka rækilega til í eigin ranni.

**Félagið** þarf að ákveða sig hvort það ætlar að vera fullþjónustu- eða lággjaldaflugfélag, en nú er eins og reynt sé að fara bil beggja. Einnig þarf að taka til á efnahagsreikningnum. Er þannig einhver ástæða fyrir félagið til að standa í umfangsmiklum hótelrekstri þegar svona stendur á? Með sölu á hóteleignum félagsins mætti kaupa félaginu andrými til að taka til í sínum kjarnarekstri.

**„Back to basics“**, eins og einhver sagði.




## Björgvin hættir hjá Landsvirkjun



Björgvin Skúli Sigurðsson hefur sagt starfi sínu sem framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar lausu. Þetta staðfestir Björgvin í samtali við Markaðinn en vill ekki segja til um ástæðu þess að hann sagði upp. Óvíst sé hvað taki við þegar hann lætur af störfum samkvæmt starfslokasamningi síðar á árinu.

Fjögur ár eru liðin síðan Björgvin var ráðinn til Landsvirkjunar en þangað fór hann eftir að hafa starfað sem framkvæmdastjóri hjá Deutsche Bank í London. Þar áður vann hann hjá Lehman Brothers um þriggja ára skeið og síðar hjá slitastjórn sama fyrirtækis. Markaðs- og viðskiptaþróunarsvið heyrir beint undir Hörð Arnarson, forstjóra Landsvirkjunar.

**01.02.2017**

**Það er eðlilegt að markaður bregðist við svona neikvæðum fréttum. Við verðum að hafa í huga að þessi afkomuviðvörun er ekkert afleit í ljósi sögunnar, þó hún sé mikil breyting á því sem var á síðasta ári og árinu þar á undan.**

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group.






## fasteignir

**TRAUSTI** fasteignasala


**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali
og leigumiðlari
867-3040


**Guðbjörg G Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr.
lögg. fasteigna-, fyrirtækja-
og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

### SKÚLASKEIÐ 12
**ENBÝLISHÚS MEÐ AUKA ÍBÚÐ**
**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 8. FEBRÚAR KL. 17:30-18:00**




Virðulegt 273,2 fm. einbýlishús á frábærum stað við Skúlaskeið í Hafnarfirði, beint á móti húsinu er almenningsgarðurinn Hellisgerði. Húsið er steypt hús á þremur hæðum og með aukaíbúð með sérinngang í kjallaranum. Bílskúrsplata til staðar sem ekki er inn í fermetratölu hússins. Efsta hæð hússins er undir súð og er því gólfflötur hússins stærri en skráðir fermetrar. **Verð 73,9 millj.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Leirubakki 22 - 4ra herbergja íbúð
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 114,8 fm. íbúð á 3. hæð að meðtöldum tveimur geymslum í góðu fjölbýlishúsi. Stórar svalir til suðvesturs með glæsilegu útsýni. Rúmgóð stofa, sjónvarpshol og þrjú góð herbergi. Nýleg gólfefni að mestu, harðparket. Hús að utan er í góðu ástandi nýlega sprunguviðgert og málað. Snyrtileg sameign. **Verð 35,9 millj. Frábær staðsetning þar sem skólar og leikskólar eru í göngufæri ásamt Mjóddinni.**

# Ertu að leita að talent?
Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

## fundir

# Nónhæð
## Munið kynningarfundinn á morgun í Smáraskóla

### Nónhæð. Breyting á aðalskipulagi. Skipulagslýsing.

Vakin er athygli á því að nú stendur yfir í samræmi við 1. mgr. 30. gr skipulagslaga nr. 123/2010 kynning á skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar á kolli Nónhæðar. Lýsingin verður kynnt í Smáraskóla á morgun fimmtudaginn 9. febrúar 2017 kl. 17:00. Lýsinguna má nálgast á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna. Athugasemdir eða ábendingar við hana skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á tölvupóstfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en mánudaginn 20. febrúar 2017 kl. 15:00.

**Kópavogsbær**
kopavogur.is

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Fossvogsdalur, stígar**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 26. janúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fossvogsdals fyrir hjóla- og göngustíga. Í breytingunni felst að skipulagsmörkum gildandi deiliskipulags er breytt í samræmi við mörk nýs deiliskipulags Fossvogsvegar, Vigdísarlundur, þannig að skipulagssvæðið minnkar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Fossvogsvegur, Vigdísarlundur**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. desember 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 26. janúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi svæðis í vestanverðum Fossvogi sem afmarkast af Fossvogsvegi, Árlandi og göngustígum. Megintilgangur með gerð deiliskipulagsins er að fylgja eftir áformum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um mótun byggðar í vestanverðum Fossvogi og stuðla að hæfilegri uppbyggingu á svæðinu. Horft er á svæðið í heild og uppbygging hugsuð í samhengi við nágrennið, þannig að hún styrki heildaryfirbragð svæðisins.. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **8. febrúar 2017 til og með 22. mars 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 22. mars 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 8. febrúar 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## tilboð

# Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



### Tilboð í febrúar

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir á aðeins 5.000.- kr.**

**Meðferðin tekur 45 mín.**

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**ráðum** ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## Lokað

Vegna útfarar Guðmundar Péturssonar, fyrrverandi forstöðumanns, verður lokað í dag, miðvikudaginn 8. febrúar, frá kl. 12.30.

KELDUR

**Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum**




Okkar elskaði
**Helgi Jóhannsson**
er látinn.

**Hjördís M. Bjarnason**
**Gunnar Fjalar Helgason** **Kristrún Kristjánsdóttir**
**Óttar Örn Helgason** **Þorgerður Arna Einarsdóttir**
**Hallur Már Helgason**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur og bróðir,
**Björgvin Sveinsson**
Torfastöðum II, Grafningi,
lést þann 1. febrúar. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 13.00. Jarðsett verður í Úlfljótsvatnskirkjugarði.

**Rúna Einarsdóttir**
**Helena Björgvinsdóttir**
**Elín Snorradóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Eiður Svanberg Guðnason**
fyrrv. sendiherra, Bjarkarási 18, Garðabæ,
verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 9. febrúar klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sumarbúðir í Reykjadal fyrir fötluð börn og ungmenni, reikningsnúmer: 525-26-755, kt. 630269-0249.

**Helga Þóra Eiðsdóttir** **Ingvar Örn Guðjónsson**
**Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir** **Gunnar Bjarnason**
**Haraldur Guðni Eiðsson** **Ragnheiður Jónsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,
**Helga Jónsdóttir**
dvalarheimilinu Grund, er látin. Útför hennar fer fram fimmtudaginn 9. febrúar 2017 kl. 13.00 frá Neskirkju. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Hjördís Sigurðardóttir** **Hans Þór Jensson**
**Gerður S. Sigurðardóttir** **Eyjólfur Þór Sæmundsson**
**og fjölskyldur þeirra.**



Ástkær móðir okkar,
**Elínborg Gunnarsdóttir**
Læk, Skíðadal, til heimilis að dvalarheimilinu Dalbæ á Dalvík,
lést 27. janúar síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju, föstudaginn 10. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Vallakirkju.

**Jóhanna Sigurjónsdóttir** **Hreinn Andres Hreinsson**
**Gunnar Sigurjónsson** **Guðrún S. Hilmisdóttir**
**Sigurður Sigurjónsson** **Elena Teuffer**
**Anna Sólveig Sigurjónsdóttir** **Rögnvaldur Stefánsson**



**Anton Máni Svansson, aðalframleiðandi Hjartasteins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Besti framleiðandi ársins

**Anton Máni Svansson, framleiðandi kvikmyndarinnar Hjartasteins, sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda, hlaut á dögunum verðlaun sem besti kvikmyndaframleiðandinn á Gautaborgarhátíðinni í Svíþjóð sem þetta árið var haldin í fertugasta sinn.**

„Nýjustu verðlaun Hjartasteins voru tilkynnt um síðustu helgi en það voru Lorensverðlaun fyrir besta kvikmyndaframleiðandann á Gautaborgarhátíðinni í Svíþjóð sem í ár var haldin í fertugasta sinn. Verðlaunin eru kennd við hinn fræga framleiðanda Lorens Malmstedt sem lést árið 1966 en honum var t.a.m. talið til tekna að hafa uppgötvað hæfileika leikstjórans Ingmars Bergman og aðstoðað hann á vegferð hans inn í sögubækurnar sem einn af bestu kvikmyndagerðarmönnum heims," segir Anton Máni Svansson, aðalframleiðandi kvikmyndarinnar Hjartasteins. Framleiðendur myndarinnar eru fjórir alls, auk Antons eru það Lise Orheim Stender, Jesper Morthorst og Guðmundur Arnar Guðmundsson.

Verðlaunin voru veitt í samstarfi við Kodak og Focus Film, en þeim fylgja 50 rúllur af 35 mm kvikmyndafilmu og frí framköllun fyrir næstu kvikmynd framleiðanda.

„Þetta er þriðja helgin í röð á þessu ári sem Hjartasteinn vinnur til verðlauna, en síðustu helgi vann hún þrenn verðlaun þegar hún var frumsýnd í Frakklandi og þar á undan ein verðlaun við frumsýninguna í Noregi," segir Anton þakklátur.

Hjartasteinn vann einnig nýverið svokallaða Scope100 keppni bæði í Portúgal og í Svíþjóð en sú keppni var sett á laggirnar af dreifingaraðilum og virkar þannig að valdar eru 10 nýjar hágæðamyndir og 100 kvikmyndaunnendur í hverju landi fá að horfa á og gefa atvæði. Sú mynd sem fær flest atkvæði í hverju landi vinnur keppnina og hlýtur í verðlaun dreifingarsamning í því landi.



**Anton Máni tekur við verðlaunum.**
MYND/ANTON

„Hjartasteinn kemur því í kvikmyndahús í Svíþjóð og Portúgal á næstunni en nú þegar er lokið samningum við yfir 10 lönd og fleiri samningar í bígerð," segir hann og bætir við að viðurkenningin sé gífurlegur heiður þar sem þetta er stærsta kvikmyndahátíðin í Skandinavíu þar sem þau keppa við allar bestu nýju norrænu myndirnar.

„Það er ekki svo oft sem framleiðendur fá sérstaka viðurkenningu á kvikmyndahátíðum og því þykir mér einstaklega vænt um þessi verðlaun. Svona viðurkenningar skipta auðvitað miklu máli í bransa sem snýst svo mikið um að byggja upp sterkt og traust nafn fyrir framtíðarverkefni og til að vekja enn frekari áhuga hjá næstu mögulegu samstarfsaðilum," útskýrir Anton.

Nóg er um að vera hjá Antoni, meðal annars fleiri verkefni hjá Join Motion Pictures.

„Hjartasteinn er bara byrjunin. Guðmundur er á fullu að skrifa næstu mynd sína samhliða því að ferðast um heiminn með Hjartastein. Við vonumst til að sú mynd komist í framleiðslu á næsta ári ásamt næstu mynd Hlyns Pálmasonar. Hlynur útskrifaðist úr Danska kvikmyndaskólanum 2014 og er ásamt Guðmundi talinn einn af mest spennandi nýju leikstjórunum í Danmörku," segir Anton.

Leikstjóri Hjartasteins, Guðmundur Arnar Guðmundsson, og Anton kynntumst á svipuðum tíma og hann fékk hugmyndina og hóf að skrifa fyrstu drög að handritinu.

„Hjartasteinn er um 10 ára ferðlag fyrir mig og leikstjórann. Árið 2011 tókum við ákvörðun um að leggja okkur alla fram næstu tvö árin við framleiðslu tveggja mjög metnaðarfullra stuttmynda í þeim tilgangi að sýna að við hefðum það sem til þyrfti til að gera Hjartastein á þeim gæðastandard sem okkur fannst sagan krefjast. Í framhaldi af því hafa báðar stuttmyndirnar, Hvalfjörður og Ártún, ferðast um hátt í 250 kvikmyndahátíðir og unnið um 70 alþjóðleg verðlaun. Velgengni þeirra gerði okkur svo kleift að fjármagna Hjartastein og fá til liðs við okkur sterka samstarfsaðila á öllum sviðum þannig að mögulegt var að vanda enn betur til verka við gerð hennar en okkar fyrri verka," segir Anton ánægður og bætir við að þetta sé mikil vinna og hann óski sér þess reglulega að fleiri klukkustundir væru í sólarhringnum. **gudrunjona@frettabladid.is**



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar kæru
**Katrínar Árnadóttur**
frá Skógum í Öxarfirði.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlévangs sem annaðist hana af alúð og hlýju.

**Gunnar Már Yngvason** **Ásta Pálína Stefánsdóttir**
**Sigríður Katrínar Yngvadóttir**
**Hrefna Yngvadóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
**Sigríður Sigurjónsdóttir**
dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,
lést á dvalarheimilinu Höfða föstudaginn 3. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Höfða.

**Guðrún Þórðardóttir** **Ingileifur S. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

SAMSUNG

# CHEF COLLECTION




# Fegurð í fullkomnun

## Eldhúslína Samsung

Í eldhúslínu Samsung er að finna heimilistæki í hæsta gæðaflokki auk þess sem fegurð þeirra fullkomnar útlit eldhússins. Hér er aðeins sýnishorn af úrvalinu sem eiga sameiginlega gæðin og útlitið.

**1**

**SAMSUNG KÆLISKÁPUR USA STÁL FRENCH**

vrn. SARF56J9040SR/EF

183 X 91CM
Litur: Stál, ryðfrítt
Klakavél: Já
Heildarrými: 564 lítrar
Kælirými: 361 lítrar
COOL SELECT ZONE
Frystirými: 203 lítrar. 4. stjörnu
Kælikerfi: Twin Cooling plus, aðskilin kælikerfi
No Frost: Já

**2**

**SAMSUNG BLÁSTURSOFN**

vrn. SANV73J9770RS/EE

Gerð: Sjálfhreinsandi, blástursofn og gufu
Lítra: 73 lítrar,
Nýtanlegt rými (b x h x d): 430 x 365 x 405
Innvols: Emelerað
Litur: Svartur með stál handfangi og stál köntum.
Stjórntakkar: 4,6” TFT LCD Snertiskjár
Hitavalrofi: 30-275° (grill 100-300°)

**3**

**SAMSUNG GRILL- OG ÖRBYLGJUOFN**

vrn. SANQ50J9530BS/EE

Gerð: Sambyggður Grill og Örbylgjuofn
Lítrar: 50 l
Innvols: Emelerað
Litur: Svartur með stál handfangi og stál köntum.
Stjórntakkar: 4,6” TFT LCD Snertiskjár
Hitavalrofi: 40-250°
Efra grillelement: 2500 W,

**4**

**SAMSUNG SPANHELLUBORÐ**

vrn. SANZ84J9770EK/EE

Spanhelluborð-Keramikhellur.
80 x 52 cm
Stjórntakki er seguldrifinn.
Snúningssnerill.
Barnalæsing.
Tímastillir á öllum hellum.
Hellan slekkur á sér þegar völdum tíma er náð.
Sjálfvirk öryggisslökkvun.
“One-touch pause”
1 hella 160mm 1,2 Kw.

**5**

**SAMSUNG KÆLI- OG FRYSTSKÁPUR**

vrn. SARB36J8797S4/EF

Litur: Stál
Orkuflokkur: A++
Orkunotkun á ári (kWst): 260
CHEF ZONE skúffa.
Heildarrými: 350 lítrar.
Kælirými: 240 lítrar.
Frystirými: 110 lítrar. 4. stjörnu.
No Frost: Já
Multi Flow: Já, jöfn dreifing á blæstri í öllum hillurýmum.

**6**

**SAMSUNG VEGGHÁFUR**

vrn. SANK86NOV9MSR/UR

Stál veggháfur
Breidd: 90 cm.
Stjórnborð: Snertitakkar og hreyfiskynjun
Sogaflsstillingar: 4
Mesta sogafl: 700 m3/klst
Mesti hljóðstyrkur: 69dBA
Lýsing: LED 1x4,5w
Málmsíur: 1 stk. úr áli
Kolafilter: Já
Útblásturrör: 150mm diameter

**7**

**SAMSUNG UPPÞVOTTAVÉL**

vrn. SADW60J9960US/EE

Framhlið úr burstuðu stáli.
Skjár á hurð, blár litur.
Tekur 14 manna stell.
WATERWALL þvottatækni.
Starttímaseinkun.
Orkunýtni A++
Orkunotkun á ári (kWst) : 266
Hljóðlát aðeins 41db
Stillanleg efrigrind.
Grind efst fyrir hnífapör með sérstökum “FLEX” bakka.

Hafðu samband og leyfðu okkur aðstoða þig við val á heimilistækjum úr eldhúslínu Samsung.

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · SAMSUNGSETRID.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Suðaustan rok eða ofsaveður um landið vestanvert í dag, 23-30 m/s, hvassast við Breiðafjörð og á Norðurlandi vestra kringum hádegi. Lægir talsvert síðdegis á morgun. Suðaustan 18-25 um landið austanvert, en lægir þar í kvöld. Víða rigning eða talsverð rigning, en úrkomulítið fyrir norðan. Milt í veðri.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -0° | 1° |
| ↑7 | ↑14 | ↖3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 5° | 4° | -2° |
| ↖19 | ↙3 | ↑15 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | -1° |
| ↗2 | ↗4 | →2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 2° | -4° |
| ↖16 | ↘8 | ↓4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. vesaldómur
6. tímabil
8. sæ
9. farfa
11. strit
12. erfiði
14. togleður
16. tveir eins
17. poka
18. útsæði
20. þverslá
21. sjá eftir

**LÓÐRÉTT**
1. elds
3. þys
4. lendar
5. leikföng
7. ritsmíð
10. hyggja
13. bókstafur
15. skál
16. vafi
19. óð.




**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. eymd, 6. ár, 8. sjó, 9. lit, 11. at, 12. streð, 14. gúmmí, 16. ee, 17. mal, 18. fræ, 20. rá, 21. iðra.
**LÓÐRÉTT:** 1. báls, 3. ys, 4. mjaðmar, 5. dót, 7. ritgerð, 10. trú, 13. emm, 15. ílát, 16. efi, 19. ær.

### Skák Gunnar Björnsson

Perssypkin átti leik gegn Tschechow í Sovétríkjunum sálugu árið 1976.

**Hvítur á leik**

**1. Rd6! exd6** (annars kemur 2. Re8)
**2. cxd6 1-0.** Það var fjör í fimmtu og næstsíðustu umferð Nóa Síríus mótsins í gær.

**www.skak.is:** Allt um NS-mótið.











## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 3 | 9 | | | | 6 | |
| 2 | | | 7 | 4 | 8 | | 9 | 1 |
| 8 | | 4 | | | | | | 2 |
| | | 6 | | 7 | | | | 8 |
| 5 | | | | | | 4 | | |
| | | | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | |
| | 5 | | | 1 | | 2 | 4 | 3 |
| | | 1 | 4 | 5 | | | | 9 |
| | 8 | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 8 | | | 9 | 5 |
| 5 | | | 3 | 9 | | 1 | | |
| | | | | | | 7 | 2 | |
| | | | 4 | | 9 | | 8 | |
| | 1 | | 2 | | 5 | | 6 | |
| | 4 | | | 7 | 8 | | | 1 |
| 4 | | 7 | | | | | 1 | |
| | 6 | 3 | | 2 | 7 | | | |
| 1 | 8 | | | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 4 | | | |
| 8 | | | | 9 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 3 | | 9 |
| | | | 7 | | | 9 | 4 | |
| 9 | | | | | | | | 2 |
| | | 7 | 8 | 1 | | 5 | | |
| 7 | | 9 | 4 | | 2 | | | 8 |
| | 5 | | | 8 | | 4 | | |
| 4 | | | 9 | | 6 | | 3 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 7 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. FEBRÚAR 2017

### Tónlist

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur – Pardus Reykjavík Brass Band
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa, Austurbakka 2
Samstarfsverkefni Heimstónlistarklúbbsins og Jazzklúbbsins Múlans. Haukur Gröndal, saxófónn og klarínett, Einar Jónsson, básúna, Jón Arnar Einarsson, básúna, Ásgrímur Jónsson, túba, Erik Qvick, slagverk, Haukur Gröndal, klarínett, Ásgeir Ásgeirsson, strengjahljóðfæri, Þorgrímur Jónsson, bassi. Hljómsveitin Pardus Reykjavík Brass Band er ný af nálinni og leikur blöndu af þjóðlegri austur-evrópskri tónlist í hrynlúðrasveitarstíl.

**Hvað?** Icelandic music explained – Kvöldstund með Kristjáni Hrannari
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Tónlistarmaðurinn Kristján Hrannar leikur og útskýrir íslenska tónlist á skemmtilegan hátt, allt frá miðöldum til Of Monsters and Men. Hann mun einnig fíflast í áhorfendum og leika af fingrum fram. Miðaverð 2.000 krónur.

### Uppákomur

**Hvað?** Andaðu eftir Duncan Macmillan
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti 3, Reykjavík
Andaðu, verðlaunaleikrit með ungstirnunum Heru Hilmarsdóttur og Þorvaldi Davíð Kristjánssyni, verður sýnt tímabundið í Iðnó frá 22. janúar til 8. febrúar. Verkefnið er snarpur dúett milli konu og manns sem standa á tímamótum í miðjum IKEA-draumnum. Leikstjóri: Þórey Sigþórsdóttir. Framleiðandi: Leikfélagið Fljúgandi fiskar

**Hvað?** Sveitungar
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Gallerí Fold
Magnús Jónsson opnaði málverkasýninguna „Sveitungar“ í Galleríi Fold, laugardaginn 28. febrúar. Verkin sem tilheyra þessari sýningu, sem hefur fengið heitið „Sveitungar“, eru fyrst og fremst tenging við sakleysi einfaldleikans, þar sem dýr eru í forgrunni. Dýr eru saklaus með einfalda upplifun og eðli þeirra er ákveðið. Magnús tengir sig við dýrin og leyfir þeim að leiðbeina sér inn í sakleysið sem býr í sveitinni.



Hera Hilmarsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson leika í verkinu Andaðu í Iðnó í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Vetrardans
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Bókasafn Mosfellsbæjar, Þverholt 2, Mosfellsbæ.
Á sýningunni Vetrardans sýnir Georg Douglas málverk innblásin af írskum dansi. Sagan segir að Rómverjar hafi kallað Írland Vetrarland því þeim fannst það kalt, blautt og dimmt. Georg blandar vetrinum og dansinum saman og festir á striga minningar frá æskuárunum um kraftmiklar hreyfingar, glitrandi ljós, skrautlega kjóla og dúndrandi írska tónlist.

**Hvað?** Vinir Listasafnsins á Akureyri, Listasafnið, Ketilhús
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Á fundinum geta áhugasamir velt fyrir sér hlutverki og tilgangi slíkra samtaka og rætt hugmyndir sín á milli. Stefnt er á að meðlimir geti komið með hugmyndir að fyrirlestrum, málþingum og annarri dagskrá auk þess að geta aðstoðað við sérstaka viðburði á vegum safnsins. Dagskrá fundarins: Rósa Kristín Júlíusdóttir segir frá sambærilegri starfsemi listasafna á Norðurlöndunum, Ítalíu og í Bandaríkjunum. Hlynur Hallsson safnstjóri segir frá starfsemi listasafnsins, fyrirhuguðum framkvæmdum og framtíðarmöguleikum. Heiða Björk Vilhjálmsdóttir fræðslufulltrúi verður með stutta leiðsögn um sýningar á verkum Nínu Tryggvadóttur og Georgs Óskars og segir jafnframt frá fræðslustarfinu. Umræður og hugmyndavinna. Aðild að Vinum Listasafnsins mun kosta 2.500 kr. árlega en 2.000 kr. fyrir 18 ára og yngri, 67 ára og eldri og námsmenn. Allir áhugasamir hvattir til að mæta.

### Fundir

**Hvað?** Doktorsvörn í læknavísindum – Sigurdís Haraldsdóttir
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Aðalbygging, Hátíðarsalur
Sigurdís Haraldsdóttir ver doktorsritgerð sína í læknavísindum í dag. Ritgerðin ber heitið: Algengi Lynch-heilkennis og nýgengi og orsakir mispörunar í sjúklingum með ristil- og endaþarmskrabbamein á Íslandi. The prevalence of Lynch syndrome and the incidence and etiology of mismatch repair deficiency in colorectal cancer patients in Iceland. Engilbert Sigurðsson, deildarforseti og prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, stjórnar athöfninni sem fer fram í Hátíðasal Háskóla Íslands og hefst kl. 9.00.

**Hvað?** Sælkerabyltingin á Norðurlöndum: Eldhúsnautnir og stjörnukokkar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Oddi, stofa 101
Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði býður öllum áhugasömum á fyrirlestur Håkans Jönsson: „The Gastronomic Revolution in Scandinavia.“ Ferðalag kokksins frá kabyssunni til núverandi stöðu sem sjónvarpsstjarna og fyrirmynd er ein ásjóna sælkerabyltingarinnar.


Góða skemmtun í bíó!

Heilsársþjónusta

vetur, sumar, vor & haust

Þegar kemur að garðþjónustu erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin, allan ársins hring. Við leggjum áherslu á að svara öllum fyrirspurnum og pöntunum samdægurs og höfum samband eftir að fagmenn okkar hafa lokið verki til að tryggja að allt sé eins og það á að vera. **Garðsláttur, trjáklippingar, beðahreinsun, stubbatæting, þökulagning ofl.**

gardlist.is
554 1989
gardlist@gardlist.is
Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA






# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




**HEIMSÓKN**
Í þessum þætti býður Sindri okkur í heimsókn heim til sín og löngu tími til kominn eftir að hafa heimsótt yfir hundrað önnur heimili á undanförnum misserum.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**MEISTARAMÁNUÐUR**
Skemmtilegur og hvetjandi þáttur í umsjón Pálmars Ragnarssonar þar sem við fáum hugmyndir frá sérfræðingunum um hvernig við setjum okkur skammtíma- og langtímamarkmið. Þau geta verið af ýmsum toga eins og að fara út að hlaupa, hætta að borða sykur eða bara lesa fleiri bækur og hlusta á allar Bítlaplöturnar!




**THE HEART GUY**
Stórskemmtilegir þættir um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til ósköpin dynja yfir og hann þarf að sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi.



**GREY´S ANATOMY**
Drama, spenna og óvæntar uppákomur! Það er aldrei lognmolla á skurðstofunni á Grey-Sloan spítalanum.



**PURE GENIUS**
Vandaðir þættir um James Bell sem fer ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingarkenndustu læknamiðstöð í heimi.




**AUTOMATA**
Hörkuspennandi bíómynd sem gerist í framtíðinni með Antonio Banderas, Dylan McDermott og Melanie Griffith í aðalhlutverkum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go!
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.15** Um land allt
**11.50** Sigríður Elva á ferð og flugi
**12.10** Matargleði Evu
**12.35** Nágrannar
**13.00** Óbyggðirnar kalla
**13.25** Spilakvöld
**14.10** Major Crimes
**14.55** Jamie's Super Food
**15.40** One Big Happy
**16.05** Clipped
**16.30** Simpson-fjölskyldan
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Meistaramánuður
**19.35** Mom
**20.00** Heimsókn Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem lítur inn hjá íslenskum fagurkerum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekkleg heitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram það besta í viðmælendum sínum.
**20.25** The Heart Guy
**21.10** Grey's Anatomy
**21.55** Pure Genius
**22.40** Nashville Þriðja þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjallar um kántrí-söngkonur Rayna Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Heyden Panettiere.
**23.25** Real Time With Bill Maher
**02.45** Lethal Weapon

## SPORT

**07.55** Enska 1. deildin
**09.35** Premier League
**11.15** Premier League
**12.55** Premier League
**14.35** Premier League
**16.15** Enska 1. deildin
**17.55** NBA
**19.40** FA Cup
**22.00** Domino's-deild karla
**23.55** Football League Show
**00.25** Premier League Review
**01.20** FA Cup
**03.00** Landsleikir Íslands

## SPORT 2

**07.30** Þýski boltinn
**09.10** Þýsku mörkin
**09.40** Domino's-körfuboltakvöld
**11.20** Premier League
**13.00** Premier League
**14.40** Premier League
**16.20** Messan
**17.50** Spænski boltinn
**19.30** Spænsku mörkin
**20.00** NFL
**23.05** Domino's-körfuboltakvöld

## STÖÐ 3

**17.35** Married
**17.55** Raising Hope
**18.20** The Big Bang Theory
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Heimsendir
**20.20** Margra barna mæður
**20.55** Legends of Tomorrow
**21.40** Flash
**22.25** Rome
**23.20** Klovn
**23.45** The Knick
**00.40** Supergirl
**01.25** Gotham
**02.05** Arrow
**02.50** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.13** Zigby
**09.27** Latibær
**09.49** Mæja býfluga
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.22** Hvellur keppnisbíll
**12.34** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**12.46** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.13** Zigby
**13.27** Latibær
**13.49** Mæja býfluga
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.22** Hvellur keppnisbíll
**16.34** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**16.46** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.13** Zigby
**17.27** Latibær
**17.49** Mæja býfluga
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ríó 2

**Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47**



## GOLFSTÖÐIN

**08.15** Waste Management Phoenix Open
**12.15** Golfing World 2017
**13.05** Waste Management Phoenix Open
**17.05** PGA Highlights 2017
**18.00** Golfing World 2017
**18.50** Omega Dubai Desert Classic
**23.20** Golfing World 2017

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00** In My Dreams
**12.35** Dolphin Tale
**14.20** Longest Ride
**16.30** In My Dreams
**18.05** Dolphin Tale
**19.50** Longest Ride
**22.00** Automata Spennutryllir frá árinu 2014 með Antonio Banderas, Dylan McDermott og Melanie Griffith í aðalhlutverkum. Myndin gerist árið 2044 þegar vélmenni sem búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu hafa tekið yfir flest störf í þjóðfélaginu. Vélmennin hafa hins vegar verið endurforrituð af óprúttnum aðilum þannig að þau eru ekki lengur óskaðleg mönnum, sem skapar gífurlega hættu fyrir mannkynið.
**23.50** The Interview
**01.40** Righteous Kill Spennumynd með stórleikurunum Robert DeNiro og Al Pacino í hlutverkum lögreglumanna sem rannsaka raðmorð á glæpamönnum, sem ekki hafa afplánað dóm fyrir brot sín.
**03.20** Automata

## RÚV

**15.15** Úr gullkistu RÚV: Út og suður
**15.40** Úr gullkistu RÚV: Út og suður
**16.05** Eldað með Ebbu
**16.35** Táknmálsfréttir
**16.45** Keflavík - Haukar
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Íslensku bókmenntaverðlaunin 2017
**20.50** Ævar vísindamaður
**21.20** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Úlfahjörðin
**23.50** Paradísarheimt
**00.20** Hulli
**00.40** Kastljós
**01.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Life Unexpected
**09.50** Judging Amy
**10.35** Síminn + Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.00** Black-ish
**14.25** Jane the Virgin
**15.10** The Odd Couple
**15.35** Man With a Plan
**15.55** The Mick
**16.20** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.00** The Late Late Show with James Corden
**17.40** Dr. Phil
**18.20** Everybody Loves Raymond
**18.45** King of Queens
**19.10** How I Met Your Mother
**19.35** American Housewife
**20.00** Your Home in Their Hands
**21.00** Chicago Med
**21.50** Bull
**22.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.15** The Late Late Show with James Corden
**23.55** Californication
**00.25** Jericho
**01.10** This is Us
**01.55** Scandal
**02.40** Chicago Med
**03.25** Bull
**04.10** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.50** The Late Late Show with James Corden
**05.30** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM VÖRUM

Við höfum leyft viðskiptavinum okkar að njóta tollalækkana og gengisstyrkingar, sem hafa skilað sér í lægra vöruverði.

## VERÐDÆMI:

| NIKE LEGEND TIGHT FIT | NIKE FREE | NIKE AIR PEGASUS |
|---|---|---|
| VERÐ HAUST 2015: 10.490 | VERÐ HAUST 2015: 24.990 | VERÐ HAUST 2015: 22.990 |
| VERÐ VOR 2016: 8.900 | VERÐ VOR 2016: 19.990 | VERÐ VOR 2016: 20.990 |
| VERÐ NÚ: 7.990 | VERÐ NÚ: 16.990 | VERÐ NÚ: 18.990 |




ÁRNASYNIR

**ÚTILÍF**

*síðan 1974*

KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

# Mjúkur fantur frá Atlanta

Rapparinn **Young Thug**, sem mun spila í Laugardalshöllinni í sumar, er nokkuð merkilegur drengur og oft bent á hann sem holdgerving þeirrar stefnu sem rapptónlist nútímans hefur verið að taka síðustu árin.



Rapparinn Young Thug mun mæta til landsins í sumar og kæta margan rappáhugamanninn. NORDICPHOTOS/GETTY

Young Thug, sem heitir réttu nafni Jeffery Lamar Williams og er fæddur árið 1991, hóf feril sinn eins og svo margir rapparar frá höfuðborg Georgíu-fylkis – með því að gefa út mixteip upp á eigin spýtur og fá í kjölfarið spilun á útvarpsstöðvum borgarinnar sem einbeita sér að rapptónlist. Í framhaldinu hitti Young Thug Gucci Mane sem fékk hann til starfa hjá plötufyrirtæki sínu 1017 Records. Gucci Mane hefur verið duglegur við að fá til sín unga tónlistarmenn og koma þeim upp á stjörnuhimininn – en áður hefur hann haft Migos, Waka Flocka Flame og Mike Will undir verndarvæng sínum.

Í framhaldinu gefur Young Thug út mixteipið 1017 Thug sem vakti nokkra athygli hjá flestum þeim sem fylgjast með þessari tónlist af einhverri alvöru. Á mixteipinu var augljóst að um nokkuð sérstakan tónlistarmann var að ræða sem var ekki mikið að hugsa um hvað telst hefðbundið í nokkrum skilningi þrátt fyrir að uppgangur hans í tónlistarsenu Atlanta-borgar hafi verið nokkuð klassískur.

Eins og Gucci Mane virðist Kanye West aldrei vera langt undan þegar rapparar byrja að fá á sig geisla sviðsljóssins en í tilfelli Young Thug var það nokkuð óbeint – lagið Danny Glover með Young Thug varð gríðarlega heitt þegar það kom út árið 2013 og þá sérstaklega þegar myndband nokkurt fór á flug á netinu þar sem Kanye West sást, augljóslega mjög drukkinn, á næturklúbbi „fíla“ Danny Glover gríðarlega mikið. Stundum þarf ekki meira til. Lagið vakti ekki síður athygli fyrir sérstaka skrækarödd Young Thug, lagið skartaði líka afar sérstökum myndlíkingum þar sem Young Thug líkir meðal annars hæð peningastaflans sins við „tvo dverga,“ og nánast ankannaleg tilfinning hans fyrir hrynjandi sem mátti heyra í öðru versi lagsins sem ásamt undarlegri og síbreytilegri rödd hans hefur spilað stóra rullu í velgengni hans allt til dagsins í dag.

**Risaleki og útvarpsvænn lífsstíll**

Þessi einkenni rapparans sem glitti í í Danny Glover áttu eftir að brjótast fram í næstu verkefnum hans. Hann skrifaði árið 2014 undir samning hjá plötufyrirtækinu 300 Entertainment sem er í eigu hins nánast goðsagnakennda Lyor Cohen, mannsins sem uppgötvaði til að mynda hljómsveitirnar A Tribe Called Quest og De La Soul og í framhaldinu gefur Young Thug út gífurlegt magn tónlistar. Þó var ekki öll þessi tónlist gefin út í þökk hans, en nokkur hundruð laga sem Young Thug var að vinna að láku úr stúdíóinu. Lekanum svaraði hann með því að gefa út Slime Season seríuna af mixteipum – en þau urðu þrjú og á þeim gaf hann mikið af þessari lekatónlist frítt eftir að lögin höfðu verið mixuð og masteruð.

Lagið Lifestyle með Young Thug og rapparanum Rich Homie Quan fékk gríðarlega spilun sumarið 2014 og var klárlega lag sumarsins. Þar með sannaðist að Young Thug var ekki bara tónlistarmaður sem virkaði á mixteipum heldur hafði hann líka möguleika í meginstraumi tónlistariðnaðarins.

Á síðasta ári gaf Young Thug svo út plötuna No, my name is Jeffery, en hún vakti strax mikla athygli og þá sérstaklega fyrir plötuumslagið sjálft en þar var ljósmynd af honum klæddum upp í íburðarmikinn kjól. Einnig vakti myndbandið við lagið Wyclef Jean athygli, en það snýst allt um hversu óáreiðanlegur og erfiður Young Thug er í umgengni og er frekar fyndið.

**Stórt ár í vændum**

Nú er að ganga í garð nokkuð spennandi ár fyrir feril Young Thug – hann hefur sagst ætla að gefa út sína fyrstu eiginlegu breiðskífu - Hy!£UN35 (já, þetta er væntanlegur titill hennar) og er að fara á tónleikaferðalag um Evrópu með Drake. Lyor Cohen er nú hættur hjá 300 Entertainment en hann færði sig yfir til YouTube Music – svo það verður mjög forvitnilegt að sjá hvaða stefnu ferill Young Thug tekur. **stefanthor@frettabladid.is**

## MENNIRNIR BAKVIÐ TJÖLDIN

**Gucci Mane**
Kom Young Thug á framfæri fyrstu árin.

**Lyor Cohen**
Lyor er einn helsti áhrifamaður í hiphop-geiranum og hefur verið með fingurna í bransanum síðan sirka 1984. Var áður stjórnandi plötufyrirtækisins sem Young Thug er á mála hjá.

**Birdman**
Young Thug hefur oft verið orðaður við hiphop-mógúlinn Birdman sem stofnaði meðal annars Cash Money Records.

**Alex Tumay**
Að lokum má nefna upptökustjórann Alex Tumay sem hefur átt stóran hlut í því að gefa Young Thug sérstakan hljóm sinn en var einnig svo óheppinn að stjórna upptökum á efninu sem lenti í stóra lekanum.

## PLÖTUR

Young Thug hefur ekki enn gefið út plötu. Hann hefur gefið út fjöldann allan af mixteipum og hér eru aðeins svokölluð „commercial mixtapes“:

**Barter 6 (2015)**
**I'm Up (2016)**
**Slime Season 3 (2016)**
**Jeffery (2016)**




NÝTT BARNAEFNI Á
2 MARAÞON NOW
Blíða og Blær
ÁFRAM DIEGO ÁFRAM
DÓRA LANDKÖNNUÐUR
HEIÐA
Skoppa og Skrítla
Tryggðu þér áskrift
2now.is
á aðeins 100 kr. á dag.

## Að missa í sjálfsvígi

Stuðningshópur fyrir þau sem hafa misst ástvin í sjálfsvígi verður í Fella- og Hólakirkju og hefst 13. febrúar kl. 20.

Sr. Svavar Stefánsson leiðir starfið.
Skráning í s. 860-2266 eða með tölvupósti á svavar.stefansson@kirkjan.is

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • nydogun@nydogun.is






TIMEOUT ER FÁANLEGUR Í MÖRGUM LITUM Í LEÐRI OG ÁKLÆÐI.



TIMEOUT HÆGINDASTÓLLINN

Norski hönnuðurinn og innanhússarkitektinn Jahn Aamodt er maðurinn á bak við Timeout hægindastólinn. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir hönnun sína en við stöndum fast á því að Timeout hægindastóllinn sé hans 9. sinfónía. Stóllinn er nútímalegur en um leið alveg tímalaus.



Jahn Aamodt

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK


# Landaði lykilhlutverki í kvikmynd Peter Jackson

Íslenska leikkonan **Hera Hilmarsdóttir** var að landa stóru hlutverki í nýjustu kvikmynd Peters Jackson, Mortal Engines, sem byggð er á bókum Philips Reeve. Um lykilhlutverk er að ræða sem mun eflaust skjóta henni enn hærra upp á stjörnuhimininn.



Hera Hilmarsdóttir var að landa stóru hlutverki í nýjustu mynd Peters Jackson. NORDICPHOTOS/AFP

Mortal Engines er bókaflokkur sem í eru fjórar bækur. Bækurnar gerast eftir þúsund ár í framtíðinni í ansi dystópískum heimi þar sem borgir eru orðnar að farartækjum sem keppa sín á milli um auðlindir sem eru á þessum tímapunkti af skornum skammti. Og nú er von á mynd eftir Peter Jackson sem byggð er á þessum bókum. Aðalpersónan er Tom Natsworthy, sem verður leikinn af Robert Sheehan, en hann býr í einni af þessum voldugu borgum og hann kynnist einn daginn dularfullri konu sem kemur frá heiminum fyrir utan borgirnar.

Það má leiða líkur að því að leikkonan Hera Hilmarsdóttir muni leika ungu konuna dularfullu – kvikmyndavefurinn IMDb er nú þegar búinn að skrá Heru í hlutverk Hester Shaw en það er einmitt unga konan sem Tom hittir fyrir. Hester Shaw er einn aðalkarakterinn í bókaflokknum og kemur fram í öllum fjórum bókunum – sem þýðir að Hera mun að öllum líkindum koma fram í öllum myndunum sem verða gerðar upp úr flokknum. Hera gæti því verið komin í ansi vænlega stöðu sem leikkona en eins og allir vita var það Peter Jackson sem leikstýrði þríleiknum Lord of the Rings og myndunum um The Hobbit – en hann framleiðir og skrifar handritið að Mortal Engines. Það er Christian Rivers sem mun leikstýra en hann vann að Lord of the Rings myndunum og fleiri verkefnum Peters Jackson.

Myndin hefur verið í burðarliðnum hjá Jackson ansi lengi en hann var byrjaður að vinna að henni áður en hann var ráðinn til að leikstýra The Hobbit myndunum. Christian Rivers, leikstjóri myndarinnar, segir í fréttatilkynningu að hér sé um sögu að ræða sem hafi verið gerð fyrir hvíta tjaldið.

„Þetta er stórkostlegt tækifæri fyrir Heru, Peter Jackson er framúrskarandi kvikmyndaleikstjóri og ég er viss um að þetta mun opna henni margar dyr í kjölfarið,“ segir Valdimar Víðisson kvikmyndagagnrýnandi spurður út í hvaða þýðingu þetta hlutverk hafi fyrir Heru Hilmarsdóttur.

Þess má geta að tökur á myndinni hefjast á Nýja-Sjálandi í vor, heimalandi Peters Jackson – en Lord of the Rings myndirnar voru einmitt teknar þar upp. **stefanthor@frettabladid.is**

**ÞETTA ER STÓRKOSTLEGT TÆKIFÆRI FYRIR HERU.**



### HERA HILMARSDÓTTIR

- Fædd 1988.
- Dóttir leikkonunnar Þóreyjar Sigurþórsdóttur og leikstjórans Hilmars Oddssonar.
- Ólst upp í Hlíðunum.
- Stundaði nám við London Academy of Music and Dramatic Arts.
- Hefur leikið í kvikmyndum með leikurum á borð við Jude Law, Ben Kingsley, Keiru Knightley, Josh Hartnett og Benedict Cumberbatch.
- Hlaut Edduverðlaun árið 2015 fyrir hlutverk sitt í Vonarstræti.
- Var valin í Shooting Stars-hóp European Film Promotion-samtakanna árið 2015, leikkonan Natalie Portman veitti henni viðurkenninguna við hátíðlega athöfn.
- Er þessa stundina að leika í Andaðu á móti Þorvaldi Davíð í Iðnó.



**Hera hefur leikið í myndum með m.a. Keiru og Josh.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# LAGERSALA

## 8.-13. FEBRÚAR

62%
AFSLÁTTUR



**REKA**
HERRA
DÚNÚLPA

~~39.990 KR~~
15.000 KR

DOWN

62%
AFSLÁTTUR



**ORRI**
DÖMU
DÚN PARKA

~~79.990 KR~~
29.990 KR

DOWN

50%
AFSLÁTTUR



**FENNA**
DÖMU
2-LAGA ÚLPA

~~49.990 KR~~
24.990 KR

DIAMONDIUM
PERFORMANCE • FABRICS

Lagersala **ZO•ON** stendur aðeins yfir dagana **8.-13.febrúar** og mun vöruverð lækka á meðan henni stendur. Urmull af góðum tilboðum og auka afsláttur við kassa af fjölda vara.

**OPNUNARTÍMI**

| | |
|---|---|
| VIRKA DAGA | KL. 12:00 - 18:00 |
| LAUGARDAG | KL. 11:00 - 18:00 |
| SUNNUDAG | KL. 12:00 - 18:00 |

ZO•ON
FACTORY STORE

NÝBÝLAVEGI 6
200 KÓPAVOGI
412-5869

ZO•ON
ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**




Bjarna Karlssonar


## Áfengi

Tekur þú eftir því hvernig veröldin er að skreppa saman um leið og fjarlægðir milli manna hafa aldrei verið ýktari? Jörð skelfur eða flugvél hrapar hinum megin á hnettinum og ljósmyndir af vettvangi eru á augabragði komnar í snjallsíma milljóna manna. Samtímis eru fleiri á vergangi en nokkru sinni í sögu mannkyns og nýlega náði auðsöfnun hinna fáu þeim hæðum að nú á eitt prósent manna meiri eignir en fátækari helmingur jarðarbúa. Nálægðin og firringin virðast samanfléttuð. Í aðra röndina skynjum við betur en áður hvernig allt er öðru háð og innbyrðis tengt en jafnframt vex tilfinningin fyrir því að allir séu einir á báti. Við sjáum þetta kristallast í Trump-fárinu. Karlinn tístir og veröldin hristist. Tístin berast um allan heim og snerta hvert mannsbarn boðandi þá trú að hver sé sjálfum sér næstur og enginn komi öðrum við nema sem hagsmunaaðili í viðskiptum eða stríði. – Öll sítengd en þó óviðkomandi hvert öðru.

Andófið við Trump snýst um það að vinda ofan af firringu tíðarandans og benda á ýmis gæði sem einungis er hægt að njóta í sameiningu, svo sem lýðheilsu, ferðafrelsi, félagsauð, hreina náttúru og almennt jafnvægi í vistkerfinu, kynja-, kynhneigðar- og kynþáttajöfnuð o.fl. sem snertir alla jarðarbúa og varðar almannahag.

Átökin um nýja áfengisfrumvarpið hér heima birta þessa spennu ágætlega. Frummælendur halda fram einstaklingsfrelsi og persónuábyrgð í tengslum við sölu og neyslu áfengis á meðan andmælendur hafna hvorugu en benda samhliða á lýðheilsusjónarmið og deilda ábyrgð allra á áfengismenningu landsins. Í ljósi þess hve áfengi er vandmeðfarið og gæfan völt vilja þau síður láta kalda viðskiptahagsmuni eina ráða för.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

ÖSKUDAGSBÚNINGAR

Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534



BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS